Canon
Bókhlaðan
Reiknivélar í miklu úrvali

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X

Miðvikudagur 14. ágúst 2002 • 33. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

Sögur frá Ekvador ...

– sjá frásögn Ísfirðingsins Gylfa Ólafssonar í miðopnu þar sem hann segir í máli og myndum frá tæplega árs dvöl sinni sem skiptinemi í Ekvador í Suður-Ameríku, landinu sem sker hinn fræga miðbaug listilega og dregur nafn sitt af því

Hálfs árs uppgjör hjá Hraðfrystihúsinu – Gunnvöru hf. í Hnífsdal

474 milljóna króna hagnaður

Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf. í Hnífsdal var rekið með 474 milljóna króna hagnaði á fyrstu sex mánuðum þessa árs, samanborið við 178 milljón króna tap á sama tímabili 2001. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld jókst um 29% á milli ára, úr 419 milljónum árið 2001 í 540 milljónir króna. Veltufé frá rekstri nam 405 milljónum króna á tímabilinu, samanborið við 257 milljónir króna á sama tímabili árið áður.

Rekstrartekjur félagsins námu 1.773 milljónum króna og rekstrargjöld félagsins námu 1.233 milljónum króna. Hagnaður félagsins fyrir afskriftir og fjármagnsliði er 540 milljónir króna eða 30,5% af rekstrartekjum.

Heildareignir félagsins 30. júní námu 5.312 milljónum króna en skuldir og skuldbindingar 3.753 milljónum króna. Bókfært eigið fé félagsins var því 1.559 milljónir króna og jókst um 412 milljónir króna eða um 36% og er því arðsemi eiginfjár 84,79% á tímabilinu. Í apríl var greiddur út 79 milljón króna arður til hluthafa vegna ársins 2001.

Að sögn Einars Vals Kristjánssonar framkvæmdastjóra eru stjórnendur félagsins ánægðir með afkomu tímabilsins. Bolfiskveiðar og -vinnsla gengu vel á tímabilinu svo og útgerð frystiskips félagsins. Útgerð rækjuskipa félagsins hefur gengið betur það sem af er árinu og má þar sérstaklega nefna að afli skipanna hefur aukist talsvert miðað við undanfarin ár. Rækjuvinnsla félagsins gekk þolanlega en afurðaverð hefur haldið áfram að lækka.

Einar Valur segir að miðað við svipaðar ytri aðstæður séu stjórnendur félagsins þokkalega bjartsýnir á árið.

SAMKAUP
OPIÐ:
Virka daga kl. 09 - 21
Laugardaga kl. 10 - 21
Sunnudaga kl. 12 - 21
Verið velkomin!
SAMKAUP
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460


Skip og bíll
Heildarlausn í flutningum
EIMSKIP
Flytjandi

Ísafjörður

Edinborgarhúsið óskar eftir milljón króna styrk

Edinborgarhúsið ehf. á Ísafirði hefur óskað eftir einnar milljóna króna styrkt frá Ísafjarðarbæ og að minnsta kosti sömu fjárhæð árlega upp frá því.

Edinborgarhúsið ehf. var stofnað til að annast rekstur og framkvæmdir við samnefnt hús við Aðalstræti á Ísafirði, en þar hefur farið fram margvísleg menningarstarfsemi undanfarin ár. Ekki var tekin afstaða til beiðninna á fundi bæjarráðs í fyrradag. Þess í stað var ákveðið að ræða nánar við forsvarsmenn hússins um málið.

Hornstrandir

Bjarni sigraði í kraftgöngu

Bjarni Sólbergsson, fjármálastjóri Orkubús Vestfjarða sigraði í keppni í kraftgöngu um Hornstrandir sem haldin var á laugardag. Keppnin gekk undir nafninu „Í fótspor feðranna“, en ekki var óalgengt að ábúendur nyrðra gengu daglega milli víka til að sækja vinnu eða annað.

Að þessu sinni var gengið frá Höfn í Hornvík um Rekavík, Hlöðuvík og Kjaransvík til Hesteyrar. Leiðin er um 25 kílómetra löng og er hækkun samtals um 840 metrar. Bjarni gekk leiðina á 4 klukkustundum og 45 mínútum og kom í mark rúmri klukkustund á undan Stefáni Dan Óskarssyni, einkaþjálfara sínum.

Aðrir þátttakendur voru talsvert lengur á leiðinni en þeir Bjarni og Stefán. Gáfu þeir þá skýringu að þeir hefðu verið að njóta náttúrunnar. Að keppni lokinni var grillað um borð í Guðnýju, skipi Hornstranda ehf., áður en lagt var af stað til Ísafjarðar.

Snjóflóðavarnir í Bolungarvík í biðstöðu fram á haust

Forsendur úrskurðar matsnefndar eignarnámsbóta yfirfærðar

Málefni snjóflóðavarna í Bolungarvík eru í biðstöðu og verða það áfram í það minnsta fram á haust. Vegna ákvörðunar Ofanflóðanefndar um að láta yfirfara forsendur úrskurðar matsnefndar eignarnámsbóta er ekki hægt að ganga frá samkomulagi við eigendur þeirra húsa sem fara eiga undir varnargarð.

Liggur því ljóst fyrir að lítið verður gert þar til þeirri yfirferð verður lokið. „Ég býst við því að ef að allt gengur eftir verði hægt að kynna hættumat fyrir Bolungarvík í septemberlok. Þegar því er lokið mun bæjarstjórn fjalla um málið og taka afstöðu til framhalds þess.

Meðan ekki er hægt að ganga frá samkomulagi við eigendur húsanna er málið þó enn í biðstöðu“, segir Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvík.



Hópur ítalskra húsbílaeigenda heimsækir Ísafjörð

Talsverður fjöldi húsbíla kom akandi til Ísafjarðar í gær og hafði nætursetu á hótelplaninu við Pollgötu. Þar mun vera á ferð hópur nær 40 Ítala sem heimsækir Ísland ár hvert og hefur gert um árabil, en ekki er vitað til þess að hann hafi áður komið til Ísafjarðar. Samkvæmt upplýsingum blaðsins munu Ítalirnir dvelja vikulangt á svæðinu og hafa þeir m.a. fyrirhugað gönguferðir um Hesteyri og Aðalvík á Ströndum. Margar bifreiðanna eru

Þessi skemmtilega útlítandi húsbíll er meðal þeirra sem nú heimsækja Ísafjörð.

æði skrautlegar á að líta eins og meðfylgjandi mynd ber vitni og er óhætt að segja að heimsókn þeirra lífgi upp á bæjarlífið.

Bolungarvík

4,3 tonn af þorski enn ófundin

Enn eru ófundin fjórtán stór kör af fiski sem hurfu í Bolungarvík í síðasta mánuði en þau hafa að geyma rúm 4,3 tonn af blönduðum þorski að verðmæti um 650 þúsund krónur. „Ég geri ráð fyrir því að fiskurinn finnist fljótt og unnt verði að leysa málið farsællega. Ég geri ekki ráð fyrir því að auðvelt sé að hlaupa burt með 14 kör af þorski á svona litlum stað og líklegt er að um misskilning eða mistök í söluferlinu sé að ræða,“ segir Daði Þorkelsson, lögreglumaður í Bolungarvík..

Forsaga málsins er sú að aflanum var landað í Bolungarvík þann 5. júlí og hann vigtaður á hafnarvog. Hélt eigandi fisksins burt af höfninni að því loknu þar sem hann átti von á því að væntanlegur kaupandi sækti aflann við vogina innan tíðar. Þegar líða fór á mánuðinn stóð hinsvegar á greiðslum frá meintum kaupanda, sem neitaði þá að hafa fengið aflann.

Þögnin er þeirra þrautaráð

LEIÐARI

Vandfundin mun hliðstæða umræðunnar, sem nú á sér stað í samfélaginu um siðferði í viðskiptum. Í ræðum og rituðu máli hafa þjóðkunnir einstaklingar látið í ljósi áhyggjur yfir þeirri framvindu, sem átt hefur sér stað á fjármálamarkaðnum og opinberast hefur í átökum, þar sem allt er lagt í sölurnar fyrir veraldlega fjármuni og tímabundin völd. Og þá er hvorki spurt um skömm né heiður.

Samfara þessu ástandi finnst mörgum sem vaxandi stéttaskipting eigi sér stað; minni samkenndar gæti en áður, stöðugt sé þjarmað að velferðarkerfinu, stakkur sjúkrahúsa þrengdur ár frá ári og öldruðum og öryrkjum finnst að sér vegið. Þrátt fyrir þetta virðast lítil takmörk á fjármagni í umferð í þjóðfélaginu. Hængurinn er bara sá, að því er ætlað annað hlutverk: Gróði. – Völd.

Lengi hefur verið viðloðandi í fari margra, sem gegna þjónustu í almanna þágu, að mæta óþægilegum spurningum með þögninni einni saman. Bæjarins besta hefur í gegnum árin beint margvíslegum spurningum (og ábendingum) til stjórnmála- og embættismanna, sem hafa látið þær sem vind um eyrun þjóta. Sjálfsagt lögmætt viðhorf. En stórmannlegt er það ekki. Og siðlaust með öllu.

Í leiðara 26. tbl., 26.júní s.l., var fjallað um hættumat vegna snjóflóða fyrir Ísafjörð. Þar var þeirri spurningu, ásamt mörgum öðrum, beint til sérfræðinga Veðurstofunnar, hvað lægi að baki þeirrar fullyrðingar, að hættulegra væri að búa við tilteknar götur á Ísafirði en að vera úti í umferðinni. Var síðan skorað á Veðurstofuna að leggja allar forsendur þessa „út-reiknings“ á borðið. Reynar var líka spurt: Fylgir engin ábyrgð svona yfirlýsingu? Vart þarf að taka það fram að hvorki stuna né hósti hefur komið frá sérfræðingum Veðurstofunnar. Þögnin virðist þeirra þrautaráð. Og eflaust trúa þeir því, að þeir komist upp með það. Þeir munu þó á það minntir meðan þörf krefur.

Undiraldan í þjóðfélaginu fer vaxandi. Ungu fjármálaséníin, sem fyrir nokkrum misserum ráðlögðu fólki að taka lífeyrissjóðslán til verðbréfakaupa eru horfnir af sjónarsviðinu. En það sitja margir eftir með sárt ennið. Verðbréfamarkaðurinn gengur ekki lengur út á gylliboð til smáfuglanna. Nú er tekist á um skiptingu bankakerfisins í tvær til þrjár viðskiptablokkir, líkt og stefnir í með verslun í landinu og aðgang að auðlindinni úti fyrir ströndum landsins. Og allt nýtur þetta þeirrar blessunar, sem felst í þögninni á réttum stöðum.

s.h.

Frá útgefendum:

Umboðsaðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikólína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Linda Rut Ásgeirsdóttir, Arnarflöt 9, sími 586 2192. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. **Flateyri:** Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Anna Signý Magnúsdóttir, Hlíðargötu 14, sími 456 8233.

Útgefandi: H-prent ehf. Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • ***Netfang prentsmiðju:*** hprent@bb.is • ***Ritstjóri:*** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, netfang: bb@bb.is • ***Ritstjóri netútgáfu:*** Sigurjón J. Sigurðsson • ***Blaðamenn:*** Haukur Magnússon, sími 695 8158, netfang: haukur@bb.is, Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, sími 863 7655, netfang: blm@bb.is • ***Ljósmyndari:*** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, netfang: halldor@bb.is • ***Fréttavefur:*** www.bb.is • ***Lausasöluverð*** er kr. 200 eintakið m. vsk. • ***Áskriftarverð*** er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti

Hrafnfjarðareyri í Jökulfjörðum

Minnisvörðum um Fjalla-Eyvind og Höllu komið upp

Minnisvörðum um útilegufólkið Fjalla-Eyvind og Höllu var komið upp á Hrafnfjarðareyri í Jökulfjörðum, þar sem þau bjuggu saman um árabil, á miðvikudag í síðustu viku. Er minnisvarðarnir gerðir úr tveimur steinum sem listamaðurinn Magnús Tómasson á Ökrum meitlaði í hjartalaga form og fangamerkti E og H. Annar steinninn var numinn brott úr bæjarlæknum í Hlíð í Hrunamannahreppi, fæðingarstað Eyvindar, en hinn var gripinn á meintum æskuslóðum Höllu í Súgandafirði.

Hugmyndin að þessu framtaki mun runnin undan rifjum Konráðs Eggertssonar á Ísafirði, sem jafnframt annaðist undirbúning sjóferðarinnar á Hrafnfjarðareyri og valdi stein Höllu með hjálp Einars Guðnasonar. Hjörtur Þórarinsson annaðist flutning á bautasteinunum að sunnan, en með honum komu listamaðurinn Magnús Tómasson, Hergeir Kristgeirsson, Kjartan T. Ólafsson og Sigurgeir Líkafrónsson, sem fæddist og ólst upp á Hrafnfjarðareyri.

Haldið af stað með minnisvarðana á miðvikudagsmorgun. F.v. Konráð Eggertsson, Magnús Tómasson, Hjörtur Þórarinsson og Einar Guðnason.

Vel mun hafa gengið að koma steinunum í land á Hrafnfjarðareyri. Voru þeir festir á klettinn sem stendur vestan við bæjarrústirnar, en nokkru vestar stendur leiði Fjalla-Eyvindar í túninu. Að því loknu flutti Hjörtur ávarp og upplýsti hópinn ásamt Konráði um lífshlaup Eyvindar, dvöl hans á Hrafnfjarðareyri og aðdraganda þess að minnisvörðunum var komið þar fyrir. Magnús Tómasson vígði því næst minnisvarðana með tæru vatni úr bæjarlindinni, en hana mun hagleiksmaðurinn Eyvindur hafa leitt inn undir hýbýli sín á eyrinni svo sem hans var siður. Að loknum ávörpum flutti kvæðamaðurinn og dýralæknirinn Sigurður Sigurðarson stemmur að hætti Eyvindar.

Í tilkynningu frá forvígismönnum minnisvarðanna er öllum sem komu að gerð þeirra og uppsetningu þakkað. Jafnframt segir þar að æskilegt væri að setja málmplötu á klettinn þar sem dvöl Eyvindar og Höllu á Hrafnfjarðareyri væri kynnt og minnisvarðarnir skýrðir. Tillaga forvígismannana að texta á plötuna hljómar svo: „Á Hrafnfjarðareyri 1760 bjuggu Eyvindur Jónsson og Halla Jónsdóttir. Næstu tvo áratugina voru þau á flótta og í útlegð víða á öræfum Íslands, en síðustu árin dvöldu þau frjáls á þessum stað. Eyvindur var jarðsettur hér í túninu 1785? og Halla á Stað 1792? Bautasteinarnir eru teknir á æskustöðvum þeirra."

Unnið að lokafrágangi við húsnæði Héraðsdóms Vestfjarða í Neistanum.

Héraðsdómur Vestfjarða

Hefur starfsemi í Neistanum eftir réttarhlé

Héraðsdómur Vestfjarða var sem kunnugt er meðal fyrstu aðila til þess að tryggja sér húsnæði í Neistanum svokallaða við Hafnarstræti á Ísafirði. Þessa stundina er unnið að lokafrágangi við aðstöðu héraðsdóms í húsinu, en að sögn Guðbjargar Skarphéðinsdóttur hjá Héraðsdómi er ráðgert að flutningar dómsins úr Stjórnsýsluhúsinu eigi sér stað síðustu viku ágúst mánaðar. „Starfsemin mun svo hefjast í húsinu þann 1. september nk., að loknu yfirstandandi réttarhléi," segir Guðbjörg.

Upphaflega var áætlað að Héraðsdómur Vestfjarða fengi húsnæðið afhent fullklárað frá verktakafyrirtækinu Ágústi og Flosa ehf. þann 1. júlí. Ágúst Gíslason, hjá Ágústi og Flosa, segir að tafir á framkvæmdum hafi ekki orsakað þessa seinkun. „Við ákváðum einfaldlega að fara rólegar í sakirnar vegna yfirstandandi réttarhlés. Það var heldur engin sérstök ástæða til þess að flýta verkinu þar sem Héraðsdómur hugðist aldrei flytja í húsnæðið fyrr en í lok ágústmánaðar," segir Ágúst.

Fimm rými eru nú óráðstöfuð í Neistanum, tvö verslunarrými á jarðhæð og þrenn skrifstofurými, tvö á annarri hæð og eitt á þeirri efstu. „Það gengur allt svo hægt í svona málum yfir hásumarið og því höfum við ekki mikið verið að vinna í sölunni. Við höfum hinsvegar fundið fyrir nokkrum áhuga á þessum lausu plássum og það má segja að það séu aðilar við færið á a.m.k. tveimur þeirra," sagði Ágúst.

Grillað og sungið á götum bæjarins

Hlíðarvegspúkar héldu sitt árlega grillpartý á laugardag þar sem samankomnir voru um 90 manns. Þá efndu íbúar á Urðarvegi til grillveislu þar sem mættu um 130 manns og íbúar í Góuholti í Holtahverfinu efndu einnig til veislu þar sem var fjölmenni. Hlíðarvegspúkarnir hittust þar sem eitt sinn stóð leikskólinn Hlíðarskjól og grilluðu, sungu og sögðu gamansögur, en í rigningarhluta kvöldsins kom stórt tjald að góðum notum og fór meginpartur samkomunnar fram í því. Svanfríður (Bía) Gísladóttir sem er orðin 85 ára fékk nafnbótina Heiðurshlíðarvegspúki og var það Bjarndís Friðriksdóttir sem „aðlaði“ Bíu með sverði og tilheyrandi.

„Þetta gekk vonum framar og veðrið kom ekki að sök, enda höfðum við fyrirtaks tjald til að sitja í. Það mættu 80-100 manns sem allir skemmtu sér konunglega. Gleðin stóð fram á miðnætti en þá héldu flestir hinna fullorðnu í Krúsina þar sem dansað var við undirleik Hlíðarvegspúkans Rúnars Þórs fram eftir nóttu,“ sagði Sigríður Bragadóttir, ein þeirra sem stóðu að skemmtuninni.

Um 130 manns mættu til grillveislunnar á Urðarvegi sem endurvakin var nú eftir margra ára hlé. Þar var söngur og skemmtun við allra hæfi m.a. harmonikuleikur þeirra Ásgeirs S. Sigurðssonar og Einars Hreinssonar auk þess sem tveir meðlimir hljómsveitarinnar BMX tóku lagið við góðar undirektir. Veislan endaði síðan á mikilli flugeldasýningu sem félagar í Björgunarfélagi Ísafjarðar sáu um. Líf og fjör mun ekki hafa verið í grillveislunni í Góuholti enda Holtahverfisbúar miklir gleðimenn. Meðfylgjandi myndir voru teknar í veislum Hlíðarvegs- og Urðarvegsbúa. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is í vikunni.

Um 130 manns mættu til grillveislunnar á Urðarveginum sem haldið var við hús hjónanna Önnu Guðmundsdóttur og Konráðs Eggertssonar.

Hjónin Kristján Jóakimsson og Sigrún Sigvaldadóttir létu sig ekki vanta í grillveisluna. Með þeim á myndinni er Chiharu Kawai frá Japans.

Það gerðu heldur ekki þau Kristín Marteinsdóttir, Bárður Grímsson, Jóhanna Bárðardóttir og Aðalheiður Svana Sigurðardóttir.

Róbert Ásgeirsson, Sigrún Magnúsdóttir, Anna Guðmundsdóttir, Stefán Brynjólfsson og Haraldur Konráðsson skemmtu sér vel í veislunni.

Sr. Skúli Sigurður Ólafsson, eiginkona hans Sigríður Björk Guðjónsdóttir ásamt harmonikusafnaranum Ásgeiri S. Sigurðssyni.

Ólafur Þorsteinn, íbúi á Urðarvegi sýnir ljósmyndara blaðsins hversu sterkur hann er í Súperman búningnum

Fjórir góðir á grillinu. F.v. Heiðar, Jói og feðgarnir Örn og Víðir.

Hlíðarvegspúkinn Þórir Jóhannesson sem búsettur er í Reykjavík, mætti með fjölskylduna vestur í Hlíðarvegspúkapartíið.

Þorsteinn Jóhannesson yfirlæknir, sem hér heldur á barni sínu og Margrétar Hreinsdóttur, lætur sig aldrei vanta í grillveisluna. Á myndinni er einnig móðir Þorsteins, Sjöfn Magnúsdóttir.

Margrét Ólafsdóttir, Sigurborg Benediktsdóttir og Jónas Björnsson.

Hörður Högnason, Þóra Benediktsdóttir, Jónatan Arnórsson og Mildrid Sigurðsson.

Jónas Sigurðsson, Bjarndís Friðriksdóttir og Gróa Böðvarsdóttir skemmtu sér vel í veislunni.

Það gerðu einnig systkinin Sigríður, Bryndís og Steindór Bragabörn sem hér sjást ásamt móður sinni Láru Steinþórsdóttur.

Sigurður Þorlákssson mætti á staðinn með fjölskyldu og vinum.

Jón Norðkvist, Svanfríður (Bía) Gísladóttir, Kristín Karvelsdóttir, Sigurður Bjarni Hjartarson og Theodór Norðkvist jr.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Flyst í hús Íshúsfélagsins við Eyrargötu

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur flutt starfsemi sína á efstu hæðina að Eyrargötu 2-4 á Ísafirði, þar sem áður voru skrifstofur Íshúsfélags Ísfirðinga. Húsnæðið er í eigu Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. og fær Fræðslumiðstöðin það á leigu á góðum kjörum, að sögn Smára Haraldssonar, forstöðumanns.

Með vaxandi starfsemi Menntaskólans þarf hann á meira húsnæði að halda og því eru minni möguleikar á samnýtingu þar. Á nýja staðnum getur mestöll starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar verið á einum stað og öll yfirsýn verður því betri en verið hefur, segir Smári.

Skrifstofa Fræðslumiðstöðvarinnar hefur verið í Þróunarsetri Vestfjarða að Árnagötu 2-4 á Ísafirði, en kennsla á hennar snærum, bæði námskeið og fjarnám, hefur verið á nokkrum stöðum á Ísafirði, aðallega þó í Menntaskólanum.

smáar

101. Þeir sem hafa undir höndum vestfirska brandara með endahnykk, og hafa áhuga á að þeir komi í næsta hefti af Vestfirskum þjóðsögum eru beðnir um að hafa samband við Gísla Hjartar í síma 456 3948, netfang stapi@simnet.is eða senda þá í pósti sem fyrst. Eða bara líta inn til höfundar að Fjarðarstræti 2, Ísafirði. G.Hj.

Til leigu er 4ra herb. íbúð sem hentar vel fyrir par eða 2-3 einstaklinga. Geymslu-/ fristundarými. Vel staðsett. Sér inngangur, sanngjörn leiga. Upplýsingar í síma 867 5161.

Til sölu er 130m² íbúð á Þingeyri, kjallari og hæð. Á sama stað selst body af Toyota HiLux. Uppl. gefur Jón í síma 864 6573 og 456 8439.

Óskum eftir leikgrind. Má vera gömul. Uppl. í síma 866 2581.

Þrír kettlingar fást gefins. Eru vel loðnir og sætir. Uppl. í síma 869 4834 eftir kl. 18.

Vantar 4ra herb. íbúð á Ísafirði. Uppl. í síma 456 7230.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78, Ísafirði. Sérinngangur. Upplýsingar í símum 456 3928 og 456 4323.

Óskum eftir lítilli íbúð á Ísafirði. Uppl. í síma 456 4700.

Kíktu á internetworking.is

Til sölu MMC Pajero, 2,8 turbo dísel intercooler, dökkgrænn, sjálfskiptur á 32" dekkjum. Ekinn 55 þús. km. Upplýsingar í síma 697 8612.

Vestfirðingar! Ef þið þurfið að fara til Reykjavíkur, hef ég góða íbúð í hjarta borgarinnar. Stutt í Kolaportið. Upplýsingar í síma 487 8944.

Starfsmaður SKG-Veitinga á Ísafirði óskar eftir íbúð eða rúmgóðu herbergi til leigu. Uppl. í síma 846 6351 og 456 3360.

Knattspyrna

Bolvíkingar sigruðu Ísfirðinga 4-1

Síðasti heimaleikur vestfirsks liðs í 3ju deildinni í knattspyrnu fór fram á föstudag þegar Ungmennafélag Bolungarvíkur tók á móti Boltafélagi Ísafjarðar á Skeiðisvelli. Ísfirðingar komust yfir í fyrri hálfleik, en Bolvíkingar jöfnuðu skömmu fyrir leikhlé. Heimamenn tóku svo öll völd í síðari hálfleik, skoruðu þá þrjú mörk til viðbótar og tryggðu sér 4-1 sigur.

Með sigrinum komust Bolvíkingar af botni Bríðils. Þeir sitja nú í 6. sæti með 7 stig eftir 10 leiki, en Boltafélag Ísafjarðar hefur hlotið 9 stig eftir 11 leiki. Um næstu helgi sækja Ísfirðingar Úlfana heim til Reykjavíkur, en Bolvíkingar heimsækja Reyni og Gróttu.

bb.is
— dagblað á netinu!

Ágrip af byggingarsögu Ís

Á Ísafirði má finna dæmi um hús frá flestum tímabilum íslenskrar byggingarsögu. Ljósmyndari Bæjarins besta tók á dögunum göngutúr um Ísafjörð með Elísabetu Gunnarsdóttur arkitekt og fékk hana til að taka út nokkur hús. Meðal þeirra eru ekki endilega þekktustu húsin, eða þau sem eru mest áberandi, heldur nokkur hús sem hafa verið valin úr nánast af handahófi til að sýna örlítið brot af því sem finna má í þessum bæ sem mætti með réttu kalla elsta bæ á Íslandi.

Í Neðstakaupstað er að finna elstu húsaþyrpingu sem varðveist hefur á landinu frá miðri 18. öld og á milli Miðkaupstaðar og Hæstakaupstaðar er eini bæjarkjarninn sem enn fyrirfinnst á Íslandi sem byggðist upp fyrir og um miðja 19. öld. Fyrsti skipulagsuppdráttur sem samþykktur var fyrir íslenskan kaupstað var undirritaður 16. mars 1927. Til hans má rekja margar fallegustu götumyndirnar á Ísafirði, s.s. Bókhlöðuna og fleiri hús við Silfurtorg og Túngötuna og Gamla sjúkrahúsið svo eitthvað sé nefnt.

Á fyrstu áratugum íslensku kaupstaðanna voru húsin með dönsku sniði (innfluttu dönsku verslunarhúsin voru fyrirmyndin), yfirleitt einlyft með háu risi, lofthæð lítil og grunnar lágir. Þvergata 3 er hús byggt 1865, dæmigert hús vel stæðra Íslendinga í elsta þéttbýliskjarnanum sem byggðist fyrir og um miðja 19. öld. Sambyggð við húsið voru bæði hlaða, fjós og hesthús.

Silfurgata 12 (vinstra megin á myndinni) er lítið hús að danskri fyrirmynd byggt árið 1875. „Félagsbakaríið" handan við götuna er byggt 1906. Þessi tvö hús eru gott dæmi um þá byltingu sem varð á fyrstu áratugum síðustu aldar þegar hagur Vestfirðinga hafði vænkast nokkuð og þeir tekið upp norskar byggingaraðferðir (áhrif frá norskum hvalföngurum). Fluttar voru inn smíðavélar og nýtískulegar byggingaraðferðir. Það var Ragúel Árni Bjarnason sem teiknaði og stjórnaði byggingu Félagsbakarísins, Öldunnar og fleiri stórhýsa úr timbri.

Brunngata 20 er dæmigerð fyrir það hvernig íslenskir smiðir breyttu smám saman út frá danska byggingarstílnum og aðlöguðu húsin betur að íslenskum þörfum. Sökkullinn var hækkaður og þakhalli minnkaður mikið til að fá betri nýtingu á efri hæðina.

„Messíönuhús" er byggt 1850 en hjallurinn handan við götuna er sagður frá 1800. Húsið er „fyrirmannahús" síns tíma, byggt í gamla danska stílnum með háu risi á lágum grunni. Það hefur verið klætt bárujárni á göflum en þegar farið var að flytja inn bárujárn til landsins 1880 sló það gjörsamlega í gegn og menn klæddu með því þær hliðar húsa sem verst voru farnar af veðrun. Hjallurinn handan götunnar er eini sinnar tegundar sem eftir er inni í gamla bænum en mjög algengt var að hjallar væru við hús eða á lóðum þeirra.



safjarðar

Túngatan er byggð eftir skipulagi frá 1927. Flest húsin við götuna má flokka sem „steinsteypuklassík". Þegar byggingarnefndir tóku að hafna timbrinu að mestu í kjölfar mikilla bruna, t.d. stórbrunans í Reykjavík 1915, varð steinsteypan aðalbyggingarefni Íslendinga. Í fyrstu voru steinsteypuhúsin ýmist mótuð eftir nýklassískum steinhleðsluhúsum eða felld að útliti timburhúsa í klassískum stíl. Túngata 3 er timburhús sem fellur vel inn í götumyndina en það var flutt frá hvalveiðistöðinni á Hattardalseyri í Álftafirði og endurreist við Túngötu.

Húsið er teiknað og byggt af Ragúel Árna Bjarnason árið 1905. Það er byggt í norskum „sveitserstíl" sem á rætur í nýklassískum stíl. Einkenni þessara húsa eru hár og vel gerður sökkull, mikið þakskegg, port undir þakverk og sérkennilegt og mikið skreyti. Á Íslandi varð til svokallaður „bárujárnssveitser" þar sem henta þótti að nota bárujárn í stað timburklæðningar á veggi.

Sundstræti 25 tilheyrir Bökkunum eins og Messíönuhús og hjallurinn, en Bakkarnir voru í útjaðri elsta þéttbýliskjarnans. Sundstræti 25 er gott dæmi um látlaus sambyggð bæjarhús byggð árið 1923.

Hús í norskum sveitserstíl, teiknað af Árna Sveinssyni húsasmiði, en hann teiknaði einnig gamla barnaskólann sem er í klassískum stíl. Í upphafi var á húsinu innfelld verönd þar sem drukkið var síðdegiste. Henni var fljótlega lokað, líklega vegna snjósöfnunar. Byggingarár hússins er 1906.

Húsið er staðsett í „embættismannahverfinu" sem byrjaði að byggjast upp við þvergöturnar svokölluðu (Sólgötu, Hrannargötu, Mánagötu, Mjallargötu og Pólgötu) þegar embættismönnum fór að fjölga mikið á Ísafirði fyrir og um aldamótin 1900. Húsið er byggt árið 1930 og er glæsilegt dæmi um steinsteypuklassík.

Eftir 1930 fá mörg íslensk hús svipmót funktionalismans eða funkisstílsins, en þessi hús eru yfirleitt með flötu þaki og mjög einföld í formi. Seljalandsvegur 22 er byggt í funkisstíl árið 1936 og þó búið sé að einangra og klæða húsið utan heldur það stílnum nokkuð vel.

Ágúst Guðmundsson húsasmíðameistari teiknaði og byggði þetta fjölbýlishús í miðbænum. Það er dæmi um vel hannað bæjarhús með nokkrum íbúðum og verslunar/atvinnuhúsnæði á jarðhæð. Húsið er byggt 1946-8 undir greinilegum áhrifum frá funkisstílnum.

Húsið er byggt 1969 og teiknað af arkitektinum Manfreð Vilhjálmssyni. Þetta hús er gott dæmi um módernisma, form eru einföld og stíllinn fágaður. Sérstök alúð er lögð við allan frágang og smáatriði.

Teiknað af Teiknistofunni Ármúla 6. Dæmi um hús sem á engan hátt tekur mið af umhverfi sínu, hvorki í hlutföllum, formum, gluggasetningu, efnisvali eða litavali. Byggingarár þess er 2001.

Þegar ég var í búðunum í Quito voru engar klósettsetur á klósettunum. Skelfingu lostinn hljóp ég í Afs-sjálfboðaliðana sem héldu mótið og spurði þau hvort klósettsetur væru ekki staðalbúnaður á klósettum í Ekvador. „Júju, auðvitað, þær eru bara teknar af hér svo þeim verði ekki stolið!“. Og ég hugsaði með mér: Auðvitað er miklu betra að eiga þær uppi á vegg eða inni í geymslu en að þeim verði stolið!

Menntaskólaneminn og Ísfirðingurinn Gylfi Ólafsson sneri nýlega heim eftir tæplega árs dvöl sem skiptinemi í Ekvador í Suður-Ameríku, landinu sem sker hinn fræga miðbaug listilega og dregur nafn sitt af því. Þangað fór hann á vegum AFS-skiptinemasamtakanna „af því bara“ og skemmti sér að eigin sögn konunglega. Hann tekur engu að síður fram að skiptinemalífið sé ekki eintómur dans á rósum líkt og sumir virðast halda. Bæjarins besta settist niður með Gylfa einn gráan júlídag, fékk að glugga í þau fjölmörgu myndaalbúm er hann hafði meðferðis frá Ekvador og hlýddi á ferðasögu hans í takt við það sem kemur fram á myndunum. Með frásögnum Gylfa fylgja skáletraðir kaflar úr kostulegum pistlum er hann reit á heimasíðu sína á meðan dvölinni stóð. Þeir eru afbragðsbókmenntir sem vert er að mæla með og hægt er að lesa í heild sinni á www.vest.is/gylfi.

Sögur frá Ekvador ...

Bekkurinn minn samanstendur af 3 skiptinemum, auk 5 stráka og 10 stelpna. Strákarnir eru eins og úr bandarískri teiknimynd; einn feitur og pirraður, einn lítill, væskilslegur og með stór eyru (enda kallaður Herra Eyra eða Señor Oreja), einn töffari sem er samt lúði og einn grannur sem hlær að öllu en segir ekki neitt. Stelpurnar ollu mér vonbrigðum með ljótleika sínum, yfirleitt með brotajárn lafandi í eyrunum. Ein er þó nokkuð foxí. Kennararnir eru flestir með teina og ef þeir eru ekki í stöðluðum júníformum eru þeir í skemmtilega ljótum fötum. Nemendafötin eru: Skærgrænblá peysa með hálsmáli niðrá nafla, hvít skyrta undir og svartar buxur. Svartir skór. Á mánudögum eru köflóttar buxur og pils og þegar leikfimi er klæðast nemendur íþróttagalla í anda Rocky Balboa, ítalska stóðhestsins.

„Á þessari mynd stillir bekkurinn minn sér upp fyrir myndatöku ásamt kennaranum og ég gnæfi yfir að sið íslenskra risa. Ég kunni ágætlega við mig í skólanum, þó að ákveðin spenna hafi oft ríkt milli mín og bekkjarfélaganna. Þar er hvorugum aðilanum um að kenna, segja má að við höfum misskilið hvert annað í fyrstu og sá misskilningur var aldrei að fullu bættur. Krakkarnir voru tveimur árum yngri en ég og því hafði ég þegar numið flestar þær raungreinar sem á boðstólnum voru og var því álitinn proffi og monthani. Ekki bætti úr skák að mér fannst ekvadorskir krakkar heldur barnalegir og það hefur eflaust markað nokkuð framkomu mína við þau. En þetta eru samt bestu skinn og ég hef ekkert nema gott um þau að segja í dag.“

Þegar á leið [á fyrsta skóladeginum] tók við enska, og við þrjú sem vorum enskumælandi hlökkuðum til. Og það var ákveðið að fara í leik sem gengur út á að telja, og þegar talan 7 kemur fyrir eða margfeldi tölunnar á að segja bomm, og svo er haldið áfram.

... og það var talið á spænsku.

Krakkarnir eru víst ekki alveg með á hreinu hvernig á að telja á ensku. Annars væri það allt í lagi ef refsingin við að klúðra hefði ekki verið sannleikurinn og kontór, barnalegasti leikur allra tíma. […] Ef kontór var valinn þurftirðu að kyssa einhvern á kinnina. Og það besta er, að tvisvar á dag kyssast allir hæ og bless, og því var stórfurðulegt að það skuli hafa verið svona spennandi að einhver kyssi einhvern á kynnina. Þegar þetta er skrifað hef ég verið þrjá daga í skólanum, og alla þá hef ég leikið þennan leik. Ég held að lengra verði ekki komist í barnaskap hjá fólki sem er 17 ára.

Sannleikann eða kontór?

Tvö sofandi börn og 36 ára kaupsýslumaður

Fjölskyldufaðirinn er braskari. Hann braskar með líkneski af Jesú á krossinum, málverk og fleira, en þó aðallega skartgripi. Hann er mjög meðvitaður um útlit sitt, er alltaf fínn í tauinu og með hárið vatnsgreitt. Hann er með teina, og gengur um eins og hann eigi heiminn. Hann röltir um bæinn og segir hæ við alla sem eru fínt klæddir. Hann á pleisið. Þetta er fínn gaur og mjög áhugasamur um Ísland og spænskukunnáttu mína. Eitt kvöldið sátum við við eldhúsborðið og ræddum lífið og tilveruna. Upp úr þurru tók hann orðabókina mína, fletti upp orðinu lygi og sagði með mikilli áherslu: „Ég vil engar lygar“, benti á syni sína og konu, fletti upp orðinu sannleikur, og bætti við að aðeins sannleikurinn væri gjaldgengur í hans húsum. Mjög sterk innkoma!

Mamman er læknir og fín kona, en svosum ekkert meira um hana að segja. Unglingurinn er fimmtán ára, töff gaur, og fínn. Hann keyrir bílinn. Ég spurði hann hvenær maður gæti fengið bílpróf í Ecuador. Svarið var átján ár og viðurlögin við að keyra leyfislaus eru, að hans sögn, fangelsisvist. Hú kers? Miðstrákurinn er dúlla dúllanna, enda hringsnýst öll fjölskyldan í kringum hann og knúsar, kyssir og faðmar. Virkar eins og sameiningartákn fjölskyldunnar, allir sameinast í að dýrka gaurinn. Yngsti gaurinn er ungabarn, algjört krútt.

„Þessi texti var skrifaður þegar ég var nánast nýkominn til Ekvador. Álit mitt á fjölskyldunni breyttist ekki mikið eftir að hann var ritaður, þó reyndar hafi unglingurinn farið æ meir í taugarnar á mér eftir því sem ég umgekkst hann meir, enda mesta gelgja og gjarn á leiðinlega töffarastæla. Þessi mynd er tekin á aðfangadegi jóla, sem var eftirminnilegur svo ekki sé meira sagt og vísa ég á meðfylgjandi pistil máli mínu til stuðnings.“

Aðfangadagur jóla

Þetta hafði nú byrjað nokkuð vel. Ég var að dóla mér um eftirmiðdaginn, tók strætó til að henda gjöf í vinkonu mína og sótti gjöfina handa bróður mínum. Ég pældi í því að hér eru jólalög ekki nærri eins áberandi í útvarpinu og heima, og eins mikið og maður hatar það, er það líka notalegt, að hafa Siggu Beinteins í jólafíling allan desember. Ég dúllaði mér við að hræra í gubbinu, sem að heitinu til var fylling í kalkúninn, en var bara til hliðar. Fyllingin virtist vera samansafn af mat, sem virtist eiga það eitt sameiginlegt að passa ekki saman. Vantaði bara kavíarinn.

Hentum okkur heim, skelltum okkur í önnur föt. Fataval um jólin hér er nokkuð frjálslegra en gengur og gerist á klakanum, bláar gallabuxur ekki fráleitur fatnaður við þetta tilefni. Við komum þarna, fyrst í húsið vegna þess að mamma er yfirkokkurinn. Niðri mátti heyra klassíska jólatónlist þenja hátalara sína og lék húsið á reiðiskjálfi. Bassbústi mest um að kenna. Þar var pabbi niðri á skrifstofu sinni, að sinna síðustu verkum fyrir hátíð ljóss og friðar, og var greinilega í góðum fíling.

Pabbi leit upp úr skrifstofunni nokkru seinna, greinilega búinn að dýfa tungunni í eitthvað górótt. Með honum var bróðir hans með glóðarauga og krambúlerað nef, með álíka þunnt blóð og bróðirinn. Þeir föðmuðu alla að sér eins og heimsendir væri eftir 3 mínútur. Fullt fólk er alltaf skemmtilegt. Það sorglega í þessu er samt að það er ekki tilviljun að bræðurnir voru drukknir. Pabbi þeirra er víst mesti skúrkur og veit til dæmis ekki af yngsta syni föður míns, og vill lítið við önnur barnabörn sín né börn hafa. Pabbi tautaði eitthvað um að tilgangur lífsins væri að vaxa upp og geta verið með föður sínum sem jafningja, en því er ekki fyrir að fara á þeim bænum. Útaf þessu leggur heimilisfaðirinn ofuráherslu á fjölskylduna, í orði kveðnu að minnsta kosti.

Hvað um það

Fólkið fór að sallast inn í húsið hennar ömmu um núleytið, enda er sá tuttugasti og fjórði almennur vinnudagur hjá flestum, og mikið stúss að gera sig kláran, eins og gengur. Amman á 11 börn, og því var von á nokkru fjölmenni, þar sem makar og barnabörn mæta. Fólkið var nú sosum ekki margt. Um ellefu var búið að láta börnin dansa tilhlýðilega dansa við

helstu dægursmelli líðandi stundar og flest orðin nokkuð lúin. Jólin byrja hér á miðnætti, sem er mun lógískara en íslenska sexan, sem þó er praktískari. Krakkarnir eru yfirleitt sofnaðir um það leyti sem gjöfunum er deilt út, enda búið að hanga á þeim að haga sér vel, að viðlögðum refsingum frá jólasveininunum, náttúrulega. Sá 25. virkar því iðulega sem pakkadagur fyrir krakkana, og pabba minn líka í þessu tilviki, því hann sofnaði fyrstur, þungum brennivínsdauða.

Jólin byrja hér sumsé klukkan 12 á miðnætti, og þá var ég auðvitað á klósettinu, og kom því of seint í knúsið og keleríið, sem fylgir stórhátíðum sem þessum. Jæja, þá var tekið til við að skiptast á gjöfum, og náði liðið að rífa pappírinn utan af draslinu á ógnarskömmum tíma, ótrúlegt harðfylgi hjá þessu frækna liði. Hér er kalkúnn á borðum, hrísgrjón og ælugrautur-

inn góði, sem hafist var nú handa við að troða oní sig, með gosdrykkjum eins og er um hinn ameríkanseraða heim allan.

Unglingarnir spændu matinn í sig með óvenju miklum hraða sýndist mér, því nú átti að fara að sprengja rakettur. Var á þessum tímapunkti ekki laust við að gamlársdagsfílingur væri kominn í kroppinn, fór ósjálfrátt að tala við sjálfan mig og blóta í sand og ösku áramótaskaupinu sem virtist hafa verið óvenju lélegt þetta árið, eins og öll ár raunar. En, það voru víst jól, og raketturnar aukinheldur ógnarfátæklegar.

Klukkan er fjögur að morgni 25. desember. Ég er að drösla sekkjum jólagjafa út í tvo bíla heimilisins, svo og tveim sofandi börnum og 36 ára kaupsýslumanni, brennivínsdauðum frá því fyrr um kvöldið. Morguninn eftir gaf ég fjölskyldunni gjafirnar, vegna ástæðna er að ofan er greint. Ljósmyndabók frá Íslandi, sem var á spænsku að utan en þýsk að innan (nokkuð sérstætt), nammi frá Íslandi og ýmislegt fleira. Blár ópal virðist fara sérstaklega vel í liðið, og ráðlegg ég öllum sem stíga út fyrir landsteinana að taka með sér slatta af bláum ópal til að gefa.

Jólin hér eru mun afslappaðri og minni hátíð en á Íslandi, hvor siðurinn hefur sinn kostinn, en auðséð afhverju þetta er svona. Hér er fátæktin meiri og fólkið verður að vinna meira, tekur sér bara frí á jóladag. Heima er skammdegið svo yfirþyrmandi, að eitthvað stórt og mikið verður að vera í vændum, til að halda fólki gangandi yfir skammdegismánuðina.

Eitt er víst að þetta eru eftirminnilegustu jólin hingað til.

Áramót í Cuenca

Gamlársdagur

Eftir hálf flöt jól fór nú að líða að gamlársdegi. Fólk fór að byrja að búa til „Años viejos“, sem eru brúður gerðar úr gömlum fötum og fylltar með viðarspónum eða öðru auðbrennanlegu. Þessar brúður eru brenndar á áramótunum og sumir hoppa yfir þær í logandi ljósum. Vinkona mín hér í Loja segir að fjölskyldan hennar hafi gert brúðu sem átti að vera hún sjálf, og svo hoppuðu þau yfir bálið; þetta á víst að vera fyrir heppni. Auk þessa gerði fólk ýmsa skúlptúra úr pappír og plasti og þess háttar, hálfpartinn eins og áramótaskaup; til að gera upp liðið ár og gera grín að því. Tvíburaturnarnir og Osama Bin Laden voru afar vinsæl viðfangsefni, því Ekvadorar eiga í svokölluðu „love-hate“ sambandi við Bandaríkin, hlæja að óförum þeirra og blóta þeim í sand og ösku, en kaupa samt allt frá þeim og vilja búa þar.

Gamlársdagssprellið fór fram með ósköp svipuðum hætti og jólaboðið. Pabbi var þó ekki fullur, en fötin, umstangið og maturinn í svipuðum stíl. Allir voru með kínverja og kellingar, þyrlur og annað smálegt drasl til að sprengja, en voru nokkuð óábyrgir. Mynduðu litla hringi utan um sprengjurnar og hentu þeim á milli sín, spörkuðu þyrlunum í átt að fólki og einn sprengdi nokkuð öflugan kínverja 20 sentímetra fyrir aftan bakið á mér, sem olli því að ég fékk hland fyrir hjartað og missti næstum fóstur.

Sagan af húsinu sem lét bíða eftir sér

Þegar ég kom til Cuenca, í september, sem nú er fyrir tæpum 7 mánuðum síðan, var mér sagt að við værum að fara að flytja í nýtt hús eftir nokkrar vikur. Mamma og pabbi sögðu einn mánuð en brósi tippaði á tvo, sagðist nú vita hvað klukkan sló með verkhraða Ekvadora. Síðan þá hefur mikið gengið á, mest aftur á bak. Er þar um að ræða skemmdir í hellulögnum, vatnsskemmdir í steypu, brotnar rúður, rispuð málning og svo má lengi telja. Eitt sinn var öllum hurðunum í húsinu stolið, og tafði það verkið vitaskuld nokkuð. Auk þess ákvað pabbi upp úr þurru að rífa allt gólfefni af neðri hæð hússins og setja marmara, sem nú er víst búið að slípa og gera fínan. […] Við fórum og skoðuðum húsið nokkrum dögum eftir að ég kom, og ef því á að lýsa er best að líkja því við hýbýli dópdílera af stærstu gráðu. Átta klósett segja alla söguna.

„Skemmst er að segja frá því að ég eyddi síðustu vikunum við að hjálpa fjölskyldu að flytja og stóð á endum að nóttin, sem ég sat í flugvél á leið til í Íslands, var sú fyrsta sem fjölskyldan átti í nýja húsinu. Á myndinni stilla frændi minn og táningsbróðirinn sér upp fyrir framan húsið góða.“

„Allir eru jafnir fyrir augum vatnsblöðrunnar“

„Þessi mynd er tekin einhverntímann í mánuðinum fyrir karnivalið stóra, en þá er hefð fyrir því að ekvadorskir gemlingar safnist saman uppi á húsþökum og grýti vatnsblöðrum í vegfarendur á götunum fyrir neðan. Allir eru jafnir fyrir augum vatnsblöðrunnar og enginn er skilinn útundan. Hvorki gamlar konur né fyrirmenni.

Rennblaut fórnarlömbin steyta jafnan hnefann í átt að sökudólgunum og kalla þá mestu fífl og glæpóna, en gera sjaldan nokkuð annað að. Þessi siður féll mér vel að skapi, enda er ég mikill aðdáandi góðs gríns.“

Energí og trú, tanngómatangó

Á þessari mynd er Gylfi í stellingum sem ættu að vera orðnar flestum Ísfirðingum kunnuglegar, en hann hefur ósjaldan skemmt bæjarbúum með hljóðfæraleik og sprelli við ýmis tækifæri, ýmist sem meðlimur Gleðisveitarinnar eða á eigin spýtur. Hann virðist ekki hafa hamið sig um að færa Ekvadorbúum sömu gleði.

„Ég kom nokkrum sinnum fram á skólaskemmtunum þar ytra og lék íslenskar dægurflugur fyrir fjöldann. Þær mæltust afar vel fyrir og einhvern veginn tókst mér að kenna öllum vinum mínum og bekkjarfélögum textann við Stuðmannalagið Energí og Trú, sem var óspart sungið eftir það. Aukinheldur fannst mér heldur súrt að bekkjarfélagar mínir hefðu getað lært nafn á lagi sem ég leyfði þeim oft að heyra, „Tanngómatangó“, en komust svo ekki nálægt því að læra nafnið mitt, og héldu flestir að ég héti Kelvin, og engu tauti fyrir þau komandi.“

Súrasta starf sem finnst

Hvarvetna þar sem maður gengur um í Cuenca má sjá öryggisverði og lögregluþjóna. Löggurnar eru á mótorkrossurum, tveir og tveir saman og heldur sá sem er fyrir aftan á vélbyssunni fyrir þann sem stýrir. Öryggisverðirnir standa í dyrunum, klæddir í skothelt vesti og vélbyssu, samfesting í felulitum og derhúfu. Og bíða. Þeir bíða eftir því að dagurinn líði, eftir því að einhver vilji í alvöru stela einhverju í búðinni, eftir því að vaktin klárist. Súrasta starf sem finnst; öryggisvarsla.

„Á fyrri myndinni bregð ég mér á leik með öryggisverði utan við einhverja verslunina. Ég var dágóða stund að fá hann með í grínið og eyddi sjálfsagt hálftíma í að tala hann til, en ég er viss um að lesendur BB sammælast mér um að sú vinna var erfiðisins virði.

Seinni myndin er tekin fyrir utan ísbúð í Cuenca. Þar var að sjálfsögðu vopnaður öryggisvörður að passa ísinn, líkt og alls staðar annars staðar.“

Ópal-maífósi og maltöl að heiman

„Hér dreypir táningurinn yngri bróðir minn á forláta Egils maltöli sem ég fékk sent alla leið frá Íslandi. Eins og sjá má á svip hans líkaði honum ölgerðartækni Egils ekki sem skyldi og gretti sig mikið við að renna niður þessum eina sopa sem hann tók af guðaveigunum. Blátt Ópal mæltist hins vegar afar vel fyrir, jafnt hjá Ekvadorum sjálfum sem og skiptinemafélögum mínum sem komu víða að. Ég gerðist á tímabili hálfgerður Ópal-maífósi og keypti mér vini þvers og kruss með aðstoð þess.“

„Að meta þjóðarrétt Kana“

„Þessi stúlka heitir Caitlin og er frá Bandaríkjum Norður-Ameríku, en hún var skiptinemi í Ecuador eins og ég og einnig bekkjarfélagi minn og ein besta vinkona á staðnum. Myndin er tekin í garðferð sem við fórum einhvern tímann, en hún heldur á helstu hráefnum sem til þarf svo útbúa megi þjóðarrétt þeirra Bandaríkjamanna: Hnetusmjörs- og hlaupsamlokur. Hún kenndi mér að meta þessar krásir að verðleikum og stend ég henni ævinlega í þakkarskuld fyrir þær sakir.“

Heilsteiktir naggrísir eru fyrirtaks fæða

Maturinn hér er þegar á heildina er litið mjög góður. Ef maturinn er vondur, þá er það vegna þess að það gleymdist að salta hann, og ef hann er ennþá vondur eftir það er það vegna þess að límónurnar voru gamlar. Það er sumsé allt salt og súrt hér. Ég hef því drukkið ótæpilega af vatni hér, sem er allra meina bót þar að auki.

Þjóðarréttir Ekvador eru nokkrir og má fyrst nefna gúí, heilsteiktan naggrís. Sumir fíla hann í ræmur, eins og Megas sagði forðum, en ég digga hann svona í meðallagi. Mér finnst hann of vera of mikil vinna við að ná brimsaltri fitu af beinunum.

Hér er mikið borðað af ávöxtum, enda ferskir auk þess að kosta skít og kanil. Minna er borðað af grænmeti, jafnvel minna en á Íslandi. Brauðið er selt í rúnnstykkjum og kosta 6 cent. Osturinn er skelfilegur og mjólkin á mörkunum, seld í pokum. Í morgunmat er brauð, ávextir og oft kakómalt.

Hádegismaturinn er aðalatriðið, byrjar á súpu með kartöflum og stundum þurrkuðum bönunum. Á eftir er glás af hrísgrjónum, kjöt sem er varla upp í nös á ketti og kannski salat. Maður venst því að borða bara meðlæti... Á Íslandi er hádegismaturinn ekki svona stór, maður heldur stundum að hann sé bara til að fresta hungrinu fram að kvöldmat. Kvöldmaturinn er létt snarl, oft afgangur frá því í hádeginu, stundum eitthvað „teikavei“ og kannski bara ávextir.

Svo ég haldi áfram að tala um matinn yfir höfuð er allt steikt. Ég hef varla fengið eitthvað sem er soðið. Hérna eru grilljón ávaxtategundir sem aldrei hafa komið til Íslands. Bananategundir eru ótalmargar og get ég með stolti lýst því yfir að ég þekki fimm þeirra í sundur. Með mat er stundum mote, soðinn maís sem verður hvítur, virkar eins og soðið popp. Ég vitna í vinkonu mína, Hallgerði í Quito, sem sagði eitthvað á þessa leið: „Bragðið er millibil milli soðins brauðs og fisks sem þú ert búinn að tyggja of lengi.“ Mér finnst þetta heldur ekki gott. Hér er pasta nánast ekkert, er hálfpartinn fyrirlitið, á sama hátt og hrísgrjónin í Evrópu eru fyrirlitin. Þeir segja að hrísgrjónin þar (í Evrópu) séu grjón sömu tegundar og dýrin hér borði, séu bragðlaus köggull og ólystugur.

Ísinn hér er sá besti í heimi, og þá sérstaklega ísinn með tómatabragðinu. Ég hef ekki kannað nammimarkaðinn, en það sem ég hef prófað hefur ekki valdið mér vonbrigðum. Kartöfluflögurnar eru ágætar, bananaflögurnar betri og ef þú kaupir litla kók færðu hana í poka, glerflaskan er svo dýr.

„Á myndinni er frændi minn að grilla sunnudagssteikina í sumarbústað sem við fjölskyldan heimsótti nánast vikulega. Ég lærði síðar að meta grilluðu naggrísina betur og finnst þeir mesta lostæti núna. Naggrísirnir eru penslaðir með olíu, þræddir upp á tein, teygðir og togaðir og loks grillaðir heilir. Ég hafði jafnvel hug á því að bjóða vinum mínum hér heima að snæða þá.“

Pissað í rútunni

„Þessi skemmtilega rútumynd er tekin á leið frá dagsferð sem við fórum til nágrannaríkisins Perú. Í Perú svömluðum við um á ströndinni og lentum í ýmsum ævintýrum, m.a. afrekaði ég í félagi við norskan vin minn að bjarga lífi tveggja lítt syndra og innfæddra á sérlega hetjulegan máta. Eins og berlega sést var mikið stuð í rútunni og fór ég þar fremstur í flokki rækilega merktur Fossavatnsgöngunni frægu. Vinur minn sem heldur á bjórnum í öftustu röð lenti í vandræðum með að losa sig við hann eftir að hann hafði verið innbyrtur.“

Var þá kominn tími til að fara heim. AFS-sjálfboðaliðar voru að selja bjór, og ákvað því þýskur vinur minn, sem bjó í Machala þessa viku, en öllu jöfnu í Cuenca, að fara bara á sólófyllerí. Við vorum eiginlega að verða sein til að ná rútunni til Piñas. Því voru sjálfboðaliðarnir orðnir nokkuð pirraðir þegar við vorum búin að stoppa fjórum sinnum fyrir hann til að skvetta úr skinnsokknum. Þegar ég fór úr rútunni var hann búinn með fjóra og tvo þriðju lítra af bjór. Sagan segir að á leiðinni frá gatnamótunum til Machala hafi gaurinn svo bara pissað á gólfið vegna þess að hann þorði ekki að biðja um að fá rútuna stoppaða.



Ferðalag til Galapagos

Og Galapagos var fínasta geim. Sæljón í gargandi stuði og skjaldbökur og fuglar og svona. Ég er að hugsa mér að kaupa mér geimbúning með vatnskælikerfi til að fara næst, þó svo að allir hafi sagt að þetta hafi nú bara verið „kalda“ tímabilið á eyjunum. Í bátunum hélt ég mig mestanpart neðanþilja, með sterka sólarvörn og hatt, því ég var viss um að grábölvuð sólin næði þangað niður líka. Ég kom meðalsólbrenndur, en meirihluti ferðafélaga minna er að renna um þessar mundir inní hamskiptatímabil.

Ferðin var nú raunar alltof stutt, en vitna þó í skáldið, sem sagði að þyrfti alltaf að skilja eitthvað eftir til að sjá næst. Dýrin voru ótrúlega gæf og hægt að klappa þeim sumum, sem ég gerði reyndar ekki. Var þó næstum búinn að grípa í sporðinn á einni skötu, sem rétt komst undan, en komst svo að, mér til mikillar gleði, að er eitruð. Við snorkluðum fullt og það er snilld, (þegar maður setur á sig sundgleraugu og litla öndunarpípu og syndir á yfirborðinu). Og svo sáum við fullkomnu ströndina. Lítið annað um þá strönd að segja.

„Flestir skiptinemarnir fóru í ferð til Galapagos-eyjanna frægu sem AFS bauð upp á og ég vildi að sjálfsögðu taka þátt í fjörinu, enda mikill aðdáandi Darwins og þróunarkenningarinnar sem hann fínpússaði með hjálp eyjanna, en þar er t.d. hægt að sjá fjölda afbrigða sömu tegundum sem hafa mismunandi gogg, allt eftir því á hvaða eyju þær lifa.

Á Galapagos ríkir ótrúleg fegurð eins og má sjá á meðfylgjandi myndum. Á þeirri fyrstu er ég við útsýnisstað, en í baksýn sést 20 gráðu heitt hafið og hólmi sem við köfuðum í kringum. Það var mikið fjör. Á þeirri síðari bregð ég á leik með risaskjaldböku sem ég hitti. Hún er ein tveggja skjaldbökukvenna sem fundnar voru hinum einmana Gogga til yndisauka. Svo er mál með vexti að téður Goggi er eina eftirlifandi eintak sinnar tegundar í heiminum, og voru því fundnar tvær kellingar sem þóttu líkastar honum, þó svo þær væru ekki af sömu tegund, og er vonast til að með hjálp þeirra geti Goggi haldið sínum ættstofni við. Hann virðist vera hálf náttúrulaus og eru líkur til þess að hann eigi ekki eftir að fjölga sér.“

Kveðjustund

Lífið hér er eins og strætóstoppistöð. Fullt af fólki sem þú þekkir ekkert og sérð aldrei aftur. Þér er sama. Auk þess er lífið hér bið, stundum stutt en oft löng, stundum rigning og stundum sól. Sólin er dáð hér en samt eru flestir súrir út í hana innst inni. Hún er yfirgangssöm og harðhent. Það er af kurteisi sem fólk segir að hún sé af hinu góða.

Fólki finnst tunglið vera nær sér og hugsun sinni. Tunglið liggur á maganum og hallar undir flatt og fær sér bjór eða kók. Á hverju kvöldi uns bjórvömbin sligar eiganda sinn og hann fer í megrun. Fólkið eins, slappar af og skellir í sig bjór oft á meðan það er að keyra og hefur það næs. Hygge sig upp á danska mátann. [...] Þó svo ég geti varla verið mikið lengra frá Íslandi, flæðir Ísland um vit mér þegar ég lít út um gluggann. Stundum, fer eftir í hvaða skapi ég er. Flugurnar suða létt og bílarnir þjóta hjá í fjarlægð. Þögull hávaði. Það sem helst ber í millum er að heima eru alltaf sláttuvélar í gangi, en hér eru alltaf þjófavarnakerfi í gangi og hundar halda að þjófavörnin sé að fara að stela húsinu; svara fullum hálsi. Alltaf. Stöðugir þjófalúðrarnir koma í staðinn fyrir sláttuvélarnar. Verknaðinn þarf sosum ekki mikið að framkvæma, regnið er svo lítið þó svo að það sé regntímabil (minnsta rigning í 20 ár). Beljur rembast eins og rjúpur við staur en hafa aðallega kókflöskur og ísumbúðir upp úr krafsinu. Beljur í stórborg. Kannski er það ástæðan fyrir því að mjólkin er alltaf bragðbætt?

Salbjörg Sveinsdóttir Hotz.

Víðförli Hnífsdælingurinn Salbjörg Sveinsdóttir Hotz

Gefur út hljómdisk með eigin lögum

Á leiðinni á markað er geisladiskur með lögum Hnífsdælingsins Salbjargar Sveinsdóttur Hotz við ljóð Eðvarðs T. Jónssonar fréttamanns. Á diskinum, er nefnist *Sýn af eldi*, syngja þau Bergþór Pálsson og Signý Sæmundsdóttir lög Salbjargar, sem jafnframt leikur undir á píanó. Flest lögin voru frumflutt af sömu flytjendum á ljóðatónleikum í Íslensku óperunni sumarið 2000 en upptökurnar voru gerðar í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði fyrir um ári. Diskurinn er væntanlegur í verslanir um miðbik mánaðarins en er nú í forsölu í versluninni Hamraborg á Ísafirði og hjá foreldrum Salbjargar í Hnífsdal. Óþolinmóðir geta haft samband í síma 456 3641 vilji þeir nálgast eintak.

Salbjörg er fædd og uppalin í Hnífsdal en býr nú og starfar í Sviss. Hún nam píanóleik í Tónlistarskólanum í Reykjavík til ársins 1979 en hélt þá til frekara náms í Tónlistarskólanum í Vínarborg undir handleiðslu Igo Koch. Hún hefur síðan búið víða um veröld, m.a. í Haifa í Ísrael um árabil. Dvölina þar segir Salbjörg oft hafa orðið sér uppspretta hugmynda við lagasmíðarnar. Ljóðin sem tónlistin er samin við fjalla um atburði er urðu í Íran um miðja 19. öld þegar bahá'í-trúarbrögðin urðu til og fylgismenn þeirra sættu ofsóknum, eða eins og segir í inngangi að disknum:

„Sögusvið ljóðanna er Íran um miðja 19. öld. Á þessum tíma hafði sköpunarþróttur og menning Islam, ásamt þróuðu þjóðfélagskerfi, listum og vísindum gengið til þurrðar í aldanna flaumi. Fáfræði, sinnuleysi og fordómafullt ofstæki gagnvart öllum nýjum hugmyndum voru ríkjandi. Klerkastéttin var valdamikil og einráð í mótun skoðana fólks, auk þess naut hún eindrægs stuðnings ráðamanna í þeim efnum. Í ljóðunum eru dregnar upp myndir af sönnum atburðum og miðla þau anda viðburðarásar þess tíma."

Sýn af eldi er sá fyrri af tveimur geisladiskum sem Salbjörg hyggst gefa út á næstunni, en hins síðari má vænta eftir um tvö ár að hennar sögn.

„Upptökur eru þegar hafnar en það er mikið og langt ferli að gefa út geisladisk sem þennan. Verkefnið kom þannig til að Eðvarð kom að máli við mig og fór þess á leit að ég semdi lög við ljóð úr bók hans *Aldahvörf* og ég ákvað að slá til því mér fannst efnið áhugavert og ljóðin mjög tjáningarrík. Lögin eru fremur samin í hita yrkisefnisins heldur en af mikilli reynslu á sviði tónsmíða. Í undirspilinu leitast ég við að ná fram tiltekinni stemmningu og blæbrigðum í tónum til þess að skapa sviðsmynd fyrir atburðina sem lýst er í ljóðunum", segir Salbjörg.

Vel er vandað til umbúða disksins og er meðfylgjandi bæklingur fróðlegur að glugga í. Þar er m.a. að finna útskýringar á ljóðunum auk þess sem fjallað er um sögu bahá'í-trúarinnar. Diskurinn *Sýn af eldi* verður sem áður sagði fáanlegur í verslunum um land allt innan skamms, en hann má nálgast í forsölu í versluninni Hamraborg.

Frá opnuninni á laugardag.

Sumarbúar í Súðavík

Opna félagsmiðstöð

Sumarbúar í Súðavík nýttu tækifærið þegar listasumar var haldið um helgina og opnuðu nýja félagsmiðstöð sína í gamla pósthúsinu í bænum. Lengi höfðu sumarbúar talað um nauðsyn þess að geta hist á einum stað, hvort sem er um sumar eða vetur, og hafa unnið að því hörðum höndum að undanförnu að standsetja húsnæðið. Við opnunina var gestum og gangandi boðið upp á kaffi og með því.

Þess má geta að þegar verið var að leggja lokahönd á frágang hússins, kom þar að ónefndur prestur innan úr Djúpi og vildi kaupa frímerki. Honum var bent á að hann væri ekki staddur í pósthúsi, heldur félagsmiðstöð. Var presturinn beðinn um að blessa húsið, fyrst hann væri þarna staddur. Mun þá presturinn hafa litið yfir húsakynni og sagt: „Hér mun allt ganga vel".

Hótel Edda Núpi
sími 456 8222

Helgina 16. -18. ágúst **bjóðum við 2 fyrir 1 í gistingu.**
Laugardaginn 17. ágúst **frá kl. 19 verður sjávarréttahlaðborð þar sem gefur að líta marga rétti úr greipum Ægis.**
Sunnudaginn 18. ágúst **verður langsíðasta kaffihlaðborð sumarsins frá kl. 15-18.**
Komið og njótið helgarinnar í friðsömu og fallegu umhverfi og látið helgina koma ykkur þægilega á óvart.

Starfsfólk Hótels Eddu, Núpi
sími 456 8222

Kosningavorið 2003

Alþingiskosningar nálgast ört. Búast má við hörðum vetri með átökum milli stjórnar og stjórnarandstöðu á Alþingi. En hvers megum við Vestfirðingar vænta? Vorkosningarnar verða nýlunda því kjördæmið stækkar að mun og nær suður í Hvalfjarðarbotn, þar sem það liggur að Reykjavík og í hina áttina að Siglufirði. Stór landbúnaðarhéruð verða innan marka þess og einnig útgerðarstaðir eins og Akranes og Sauðárkrókur svo fátt eitt sé talið. Hver verður staða þeirra tæplega átta þúsund íbúa sem enn byggja Vestfirði. Munu hagsmunir þeirra verða fyrir borð bornir í stóru 10 alþingismanna kjördæmi? Spurningarnar eru margar. Ekki síst vegna þess að allsendis óvíst er hvernig þingmenn raðast á framboðslista. Vitað er svo dæmi sé tekið að Páll Pétursson ætlar að leiða lista Framsóknar í nýja kjördæminu og Magnús Stefánsson hefur vafalaust stuðning til hins sama af Vesturlandi. Ef frambjóðandi framsóknarmanna á Vestfjörðum verður í þriðja sæti er engan veginn öruggt að hann nái kjöri. Vinstri grænir ætla sér vafalaust meira en að halda þeim eina þingmanni sem þeir nú eiga á Norðurlandi vestra. En stuðningurinn í síðastu alþingiskosningum og árangurinn í sveitarstjórnarkosningum á Vestfjörðum lofa ekki góðu fyrir vestfirskan frambjóðanda, búsettan í gamla kjördæminu.

Samfylkingin ætlar sér stóra hluti og stefnir að minnsta kosti þremur þingmönnum af fjórum er nú sitja. Einn núverandi þingmanna Norðurlands vestra, sem býr á Siglufirði, flýtur yfir í Norðausturkjördæmið nýja og er óvitað hver tekur sæti hans á framboðslista fyrir þann hlutann sem áður var sérstakt kjördæmi.

Sjálfstæðisflokkurinn á nú tvo þingmenn í hverju hina þriggja kjördæma er nú verða eitt. Það eru sex alþingismenn. Engin skynsamleg von er til þess að þeir nái allir kjöri í nýja kjördæminu. Búast má við því að til mikillar umræðu og uppgjörs komi þegar að uppröðun listans kemur. Ástæðan er sú, að ekki er rými fyrir þá alla á Alþingi af lista Sjálfstæðisflokks í Norðvesturkjördæmi. Vestfirðingar hafa ekki efni á því að tapa nokkrum sinna ágætu þingmanna og eru þeir nafnar Einar K. Guðfinnsson og Einar Oddur Kristjánsson meðal þeirra og reyndar eina flokksteymið. Hver hinna flokkanna hefur aðeins einn þingmann. Ekki hefur verið minnst á sigurvegara síðustu alþingiskosninga Guðjón Arnar Kristjánsson sem afrekaði að hala með sér inn á hið háa Alþingi Sverri Hermannsson. Fremur er úlitið þó dauft um árangur þeirra félaga í nýju kjördæmi.

Ef raunin yrði sú að eingöngu tveir núverandi Vestfjarðaþingmanna yrðu á þingi að loknum vorkosningum er ljóst að hugsa þarf alla baráttu Vestfirðinga fyrir tilveru á Vestfjörðum upp á nýtt. Sveitarstjórnarmenn þurfa þá heldur betur að taka sér tak og standa betur saman að hagsmunum Vestfirðinga. Það geta þeir en ekki dugar að bíða vors. Við bíðum spennt eftir vetrinum, umræðum á Alþingi og utan þess í stjórnmálaflokkum og í héraði. Heill Vestfirðinga veltur á því hvernig til tekst.

Stakkur skrifar

Netspurningin

Spurt var:

Ætlar þú að ferðast til útlanda í haust?

Alls svöruðu 265.
Já sögðu 89 eða 33,58%
Nei sögðu 136 eða 51,32%
Óvíst sögðu
40 eða15,09%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Fjölmenni tók þátt í brekkusöngnum.

Vel heppnað listasumar að baki

Listasumar í Súðavík gekk með miklum ágætum og eru aðstandendur himinlifandi yfir aðsókn á viðburði hátíðarinnar.

Framkvæmd hátíðarinnar gekk vel í alla staði. „Þetta var ótrúlega skemmtileg vinna og ég gæti ekki verið ánægðari með útkomuna. Það kom líka skemmtilega á óvart að sjá hversu víða menn komu að til að sækja viðburðina“, segir Pálína Vagnsdóttir, einn aðstandenda hátíðarinnar.

Á fimmtudag var kvikmyndin Regína sýnd í „Súðavíkurbíói“. Sýning myndarinnar gekk vel og rafkerfi hússins sló bara einu sinni út að þessu sinni. Á föstudag fóru nokkrir vaskir göngugarpar í ferð í Folafót og um kvöldið var hlýtt á sextett djasssöngkonunnar Kristjönu Stefánsdóttur.

Á laugardag var haldið fjölskylduíþróttamótið Geislaglóð. Þá var opnuð félagsmiðstöð sumarbúa í Súðavík og boðið til „dýrðlegar veislu“ í hinni nýju þjónustumiðstöð Súðvíkinga.

Um kvöldið var kveikt í varðeld og sungið. Þeir sem voru svangir eftir brennu fengu sér súpu sem Esra Esrason, kokkur í klæðum, hafði bruggað. Seinna um kvöldið var svo dansað í félagsheimilinu í Súðavík undir leik hljómsveitarinnar Bland í poka.

Meðfylgjandi myndir voru teknar á listasumri í Súðavík 2002. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is í vikunni.

Þessar skemmtu sér konunglega við brennuna...

...sem var vegleg að vanda.

Gestir hinnar nýju félagsmiðstöðvar sumarbúa í Súðavík.

Mikil stemmning myndaðist á dansleiknum þegar hæst stóð.

Gestir fengu að borða á gjörningnum „Dýrðleg veisla“.

Kristín Lilja Kjartansdóttir og Stefán Kjartansson voru forsöngvarar brekkusöngsins.

helgardagbókin

skemmtanir • fundir • fólk • sjónvarp • veður • íþróttir • fréttir • kirkjustarf

veðrið

Horfur á fimmtudag:
Norðaustlæg átt, 5-10 m/s og þokusúld eða rigning norðan- og austanlands, en skýjað með köflum og stöku skúrir. Hiti 6-14 stig.
Horfur á föstudag:
Norðlæg eða breytileg átt. Dálítil þokusúld norðanlands, en annars skýjað að mestu og úrkomulítið. Hiti breytist lítið.
Horfur á laugardag:
Norðaustlæg eða breytileg átt. Rigning eða súld sunnan- og austanlands, en annars skýjað með köflum og þurrt að kalla. Heldur hlýnandi veður.
Horfur á sunnudag:
Norðaustlæg eða breytileg átt. Rigning eða súld sunnan- og austanlands, en annars skýjað með köflum og þurrt að kalla. Heldur hlýnandi veður.
Horfur á mánudag:
Lítur út fyrir norðlæga eða breytilega átt og vætu austantil, en þurrt að mestu vestan til. Fremur hlýtt í veðri.

netið

Bandaríska listakonan Holly Hughes hefur opnað nýja heimasíðu á it.is léni tölvu- og internetþjónustunnar Snerpu á Ísafirði sem nýlega var tekið í gagnið. Þar má fylgjast með því sem á daga Hollyar drífur og lesa um ýmis verkefni sem hún tekur sér fyrir hendur. Einnig er hægt að skrá sig í gestabók og í framtíðinni verður hægt að fletta gegnum myndasafn hennar. Slóðin á síðuna er ***www.holly.it.is***, en í nýjasta pistli sínum fjallar Holly um yfirstandandi ferð á Egilsstaði, þar sem hún stýrir verkefni í tengslum við „Ormsteiti“ þeirra Austfirðinga.

bb.is
— dagblað á netinu!

SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 16. ágúst

17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stubbarnir (45:90)
18.30 Falda myndavélin (32:60)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Ævintýri Indiana Jones
21.40 Kvennasnyrtingin. *(Ladies Room)* Kanadísk bíómynd frá 1999. Tvær ungar konur fylgjast með síðustu dögum ævi sinnar á sjónvarpsskjá á dularfullum stað. Báðar hafa þær átt vingott við gifta menn og eiga langan fund með eiginkonum þeirra. *Aðalhlutverk: Greta Scacchi, John Malkovich, Lorraine Bracco, Molly Parker og Veronica Ferres.*
23.10 Gullmót í frjálsum íþróttum
01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 17. ágúst

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
09.02 Stubbarnir (50:90)
09.26 Maja (20:52)
09.33 Albertína ballerína (24:26)
09.45 Fallega húsið mitt (7:30)
09.52 Stína stóra systir
09.57 Babar (41:65)
10.23 Krakkarnir í stofu 402 (22:40)
10.50 Formúla 1. Bein útsending frá tímatöku fyrir kappaksturinn í Búdapest.
12.10 Kastljósið
12.30 Markaregn
13.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.
15.30 Bikarkeppni í frjálsum. Sýnt er beint frá keppni bestu frjálsíþróttaliða ársins, en FH-ingar hafa hampað bikarnum eftirsótta undanfarin ár.
17.55 Táknmálsfréttir
18.05 Forskot (25:40)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Fjölskylda mín (6:8)
20.30 Ég minnkaði börnin, elskan. *(Honey, I shrunk the Kids)* Gamanmynd frá 1989 um léttgeggjaðan vísindamann sem verður fyrir því óláni að minnka börnin sín með nýrri uppfinningu. *Aðalhlutverk: Rick Moranis, Matt Frewer og Marcia Strassman.*
22.05 Rebus. *(Rebus: Mortal Causes)* Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlöggan John Rebus í Edinborg fæst við erfitt mál. *Aðalhlutverk: John Hannah, Sara Stewart, Gayanne Potter, James Cosmo og Michelle Fairley.*
23.45 Snillingurinn. *(I.Q.)* Rómantísk gamanmynd frá 1994 með Walter Matthau, *Meg Ryan og Tim Robbins* í aðalhlutverkum. Bifvélavirki verður ástfanginn af konu sem er þegar trúlofuð. Hann fær frænda hennar, sem er enginn annar en Albert Einstein, til þess að hjálpa sér að gera þosur sínar grænar fyrir henni.
01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 18. ágúst

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
09.02 Úlfhundurinn
10.00 Andarteppa (21:26)
10.15 Kipper (4:13)
10.30 Svona erum við (18:20)
10.40 Ungur uppfinningamaður
11.05 Kastljósið
11.30 Formúla 1. Bein útsending frá kappakstrinum í Búdapest.
14.10 Gullmót í frjálsum íþróttum
16.45 Vélhjólasport
17.00 Markaregn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Hundurinn
18.15 Tómas og Tim (14:16)
18.30 Óskar (2:3)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Braggabúar. „Braggabúar“ er söguleg heimildarmynd eftir Ólaf Sveinsson sem fjallar um sögu braggabyggðarinnar í Reykjavík frá 1940-1970. Sagan er ekki aðeins merkileg í sögu Reykjavíkur, heldur þjóðarinnar allrar, vegna þess að þjóðfélagið breyttist á ótrúlega skömmum tíma úr sveitarsamfélagi í nútíma borgarasamfélag. e.
21.25 Bláa dúfan (7:8) (Blue Dove) Breskur myndaflokkur um fjölskyldu sem rekur postulínsverksmiðju. Þegar forstjórinn deyr taka börnin við. Rekstrinn gengur illa og börnin fá liðsauka en bjargvætturin hefur annað í huga en að bjarga fyrirtækinu. Í aðalhlutverkum eru Paul Nicholls og EstherHall.
22.20 Helgarsportið
22.35 Fótboltakvöldstu deild karla.
22.50 Malbik. *(Asfalto)* Spænsk bíómynd frá 1999. *Aðalhlutverk: Najwa Nimri, Juan Diego Botto.*
00.20 Kastljósið
00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Föstudagur 16. ágúst

06.58 Ísland í bítið
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í fínu formi
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítið
12.00 Neighbours
12.25 Í fínu formi
12.40 Murphy Brown
13.05 Jonathan Creek
13.55 N.Y.P.D Blue
14.40 Ved Stillebækken
15.05 Tónlist
15.35 Andrea
16.00 Barnatími Stöðvar 2
16.25 Barnatími Stöðvar 2
16.50 Barnatími Stöðvar 2
17.20 Neighbours
17.45 Ally McBeal
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 White Fang. *(Úlfhundurinn)* Heillandi kvikmynd gerð eftir sígildri sögu Jacks London (1876-1916) um ungan ævintýramann á slóðum gullgrafara í Alaska og úlfhundinn hans. Jack fann hundinn nær dauða en lífi eftir hundaat sem Smith hafði efnt til. *Aðalhlutverk: Ethan Hawke, Klaus Maria Brandauer, Seymour Cassel.*
21.20 Smallville
22.10 Bound. *(Í böndum)* Ceasar sér um að koma peningum mafíunnar í umferð og hefur nú tvær milljónir dala undir höndum. Hann lætur ekkert slá sig út af laginu eða hvað? Tvær kynþokkafullar og eldklárar dömur gætu kannski ruglað hann í ríminu. Það eru stúlkurnar Vita Violet og Corky sem girnast hvor aðra og milljónirnar tvær. *Aðalhlutverk: Jennifer Tilly, Joe Pantoliano, Gina Gershon.*
00.00 Austin Powers. The Spy. *(Austin Powers: Njósnarinn)* Ofurnjósnarinn Austin Powers er mættur aftur á svæðið. Dr. Evil ferðast með tímavél til ársins 1969 og hyggst stöðva Austin Powers í eitt skipti fyrir öll með því að stela kynorku hans. Austin þarf að fara aftur í tímann til að endurheimta kynorkuna og nýtur dyggrar aðstoðar kynbombunnar Felicity Shagwell. Það má heldur ekki gleyma að minnast á smávaxna eftirgerð Dr. Evils, Mini-Me, og hinn magnaða Skota, Fat Bastard, sem setja svip sinn á myndina. *Aðalhlutverk: Mike Myers, Heather Graham.*
01.30 The Sitter. *(Barnapían)* Dennis og Ruth eru stödd á hóteli ásamt fimm ára dóttur sinni en ráða barnapíu eina kvöldstund meðan þau sitja samkvæmi í veislusalnum. En þau vita ekki að barnapían er alvarlega veik á geði. *Aðalhlutverk: Kim Myers, Kimberly Cullum, Susanne Reed, James McDonnell.*
03.00 Ally McBeal
03.40 Ísland í dag
04.05 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 17. ágúst

08.00 Barnatími Stöðvar 2
08.25 Barnatími Stöðvar 2
08.50 Kossakríli
09.15 Jói ánamaðkur
09.40 Ævintýri Papírusar
10.05 Flubber.
11.35 Friends
12.00 Bold and the Beautiful
13.45 Enski boltinn
16.05 Alltaf í boltanum
16.30 Best í bítið
17.10 Oliver´s Twist
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir
18.55 Lottó
19.00 Ísland í dag
19.30 Dharma & Greg
20.00 Ruby Wax´s Commercial.
20.30 100 Girls. *(100 stelpur)* Þessi skemmtilega gamanmynd fjallar um Matthew sem er í framhaldsskóla og býr á heimavistinni. Dag einn er hann staddur í lyftu þegar rafmagnið fer af. Hann er þó ekki einn því með honum er stúlka. Hann sér aldrei andlit hennar en verður ástfanginn af henni eftir nóttina. Þegar rafmagnið kemst aftur á er stúlkan farin. Það eina sem hann komst að er að hún býr ásamt 99 öðrum stelpum á stúlknavistinni. Hann er staðráðinn í að hafa uppi á draumadísinni sama hvað það kostar! *Aðalhlutverk: Jonathan Tucker, Emmanuelle Chriqui, Lisa Oleynik.*
22.05 Verical Limit. *(Hengiflug)* Peter Garret er fjallgöngumaður sem misst hefur föður sinn eftir hörmulegt slys. Þremur árum síðar leiðir hann björgunarhóp upp annað hæsta fjall veraldar, K2, þar sem systir hans er í sjálfheldu ásamt nokkrum vina sinna. Súrefni er af skornum skammti þar sem þau eru föst og upphefst nú ævintýralegt kapphlaup við tímann. *Aðalhlutverk: Chris O´Donnell, Scott Glenn, Robin Tunney.*

Róstur í námubæ

Harlan County War, eða Róstur í námubæ, er dramatísk mynd um hjónin Rudy og Silas. Þau búa við þröngan kost ásamt tveimur börnum sínum í námubænum Harlan. 180 bæjarbúar vinna í námunni og þeirra á meðal eru Silas og Tug, faðir Rudyar. Þegar tveir verkamenn láta lífið vegna lélegs öryggisbúnaðar kemur fulltrúi frá Sambandi námuverkamanna til bæjarins og hvetur til verkfalls. Yfirvöld reyna að koma í veg fyrir mótmæli en þá tekur Rudy til sinna ráða. Með aðalhlutverk fara Óskarverðlaunahafinn Holly Hunter og Stellan Skarsgard sem átti snilldarleik í stórmyndinni Breaking the Waves. Myndin er sýnd kl. 21:10 á sunnudagskvöld á Stöð 2.

00.10 Amistad. Árið 1839 var þrælaskipið Amistad á leið frá Afríku til norðausturstrandar Bandaríkjanna þegar fangarnir um borð slitu sig lausa. Um síðir voru uppreisnarmennirnir handteknir og leiddir fyrir rétt. Um stöðu þeirra var margt óljóst og málið vakti mikla athygli. *Aðalhlutverk: Morgan Freeman, Nigel Hawthorne, Anthony Hopkins, Matthew McConaughey.*
04.15 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 18. ágúst

08.00 Tao Tao
08.25 Strumparnir
08.50 Waldo
09.15 Nútímalíf Rikka
09.40 Lína langsokkur
10.05 Biblíusögur
10.50 Töframaðurinn
11.10 The Simpsons
11.35 Undeclared
12.00 Neighbours
13.55 Mótorsport
14.20 Secrets of the Dead
15.10 Benji
16.40 Afleggjarar - Þorsteinn J.
17.10 Andrea
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 The Education of Max
20.20 Random Passage. *(Út í óvissuna)* Þessi áhrifamikla þáttaröð fjallar um erfiða ferð konu frá Englandi til Nýfundnalands seint á 19. öld. Hún verður fyrir miklum raunum á leiðinni og neyðist til að berjast fyrir frelsi sínu og barnsins síns eftir að barnsfaðirinn yfirgefur hana.
21.10 Harlan County War. *(Róstur í námubæ)* Þessi dramatíska mynd fjallar um hjónin Rudy og Silas sem búa við þröngan kost ásamt tveimur börnum sínum í námubænum Harlan. 180 bæjarbúar vinna í námunni og þeirra á meðal Silas og Tug, faðir Rudyar. Þegar tveir verkamenn láta lífið vegna lélegs öryggisbúnaðar kemur fulltrúi frá Sambandi námuverkamanna til bæjarins og hvetur til verkfalls. Yfirvöld reyna að koma í veg fyrir mótmæli en þá tekur Rudy til sinna ráða. *Aðalhlutverk: Holly Hunter, Stellan Skarsgård, Ted Levine.*
22.55 Dead Poets Society. *(Bekkjarfélagið)* Frábær mynd sem gerist árið 1959 og fjallar um enskukennarann John og óhefð- bundna kennsluhætti hans. Hann ræður sig að Welton-drengjaskólanum þar sem strangar reglur gilda en John tekur annan pól í hæðina. *Aðalhlutverk: Ethan Hawke, Robert Sean Leonard, Robin Williams*
01.00 Cold Feet
01.50 Tónlistarmyndbönd

SÝN

Föstudagur 16. ágúst

18.30 Íþróttir um allan heim
19.30 Alltaf í boltanum
20.30 Vængjaþytur. Íslensk þáttaröð um skotveiði. Í kvöld er fjallað um helsingjaveiði í Vestur-Skaftafellssýslu og skarfaveiði við Faxaflóa.
21.00 Eight Days a Week. *(Átta daga vikunnar)* Peter hefur lengi verið yfir sig ástfanginn af Ericu sem býr í næsta húsi. Hann hefur hins vegar aldrei þorað að gera nokkuð í málunum og Erica tekur nánast ekki eftir honum. Léttgeggjaður frændi Peters þykist kunna lausn á vandanum og skorar á stráksa að búa í tjaldi á lóðinni hjá Ericu þar til hún játast honum, jafnvel þótt hann þurfi að hafast þar við allt sumarið. Fín gamanmynd sem kemur verulega á óvart. *Aðalhlutverk: Joshua Schaefer, Keri Russell, R.D. Robb.*
22.30 Executive Target. *(Forseti í sigti)* Nick James gerðist sekur um minni háttar afbrot og sér nú fram á fangelsisvist. Glæpaforinginn Lamar Quentin þarf hins vegar á Nick að halda og rænir honum áður en afplánunin er að baki. Lamar hefur skipulagt rán á sjálfum forseta Bandaríkjanna og ætlar Nick að aka undankomubíl ræningjanna. Nick líst illa á ráðagerðina en á um fátt að velja því Lamar heldur eiginkonu hans í gíslingu. *Aðalhlutverk: Michael Madsen, Roy Scheider, Keith David, Angie Everhart, Dayton Callie.*
00.05 Gladiator Cop. *(Skylmingalöggan)* Sverði Alexanders mikla er stolið úr Fort Knox safninu og segir þjóðsagan að sá sem komist yfir sverðið öðlist yfirnáttúrulega krafta. Lögreglumaðurinn Andrew fær málið í sínar hendur en þjófarnir hafa ekki skilið eftir neinar vísbendingar. Brátt fær Andrew ábendingu um að hópur manna hafi endurvakið forna bardagalist rómverskra skylmingamanna. Eina leiðin til að nálgast sverðið er að dulbúast sem einn skylmingamannanna og berjast upp á líf og dauða. *Aðalhlutverk: Frank Anderson, Dan Carter, Eugene Clark.*
01.40 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 17. ágúst

16.30 Toppleikir
18.30 Golf - US PGA Championships. Bein útsending frá síðasta stórmóti sumarsins í golfi. Þetta er í 84. skipti sem

SPORTIÐ Í BEINNI...

Sjónvarpið

Laugardagur 17. ágúst kl. 10:50
Formúla 1: Bein útsending frá tímatöku í Búdapest
Laugardagur 17. ágúst kl. 13:25
Þýski boltinn: Leikur óákveðinn
Laugardagur 17. ágúst kl. 15:30
Sýnt beint frá bikarkeppninni í frjálsum íþróttum
Sunnudagur 18. ágúst kl. 11:30
Formúla 1: Sýnt beint frá keppninni í Búdapest

Sýn

Miðvikudagur 14. ágúst kl. 18:30
Enski boltinn: Stoke City – Leicester (1. deild)
Fimmtudagur 15. ágúst kl. 17:50
UEFA-keppnin: Fylkir – Royal Excelsier Mouscron
Laugardagur 17. ágúst kl. 18:30
Meistaramót US PGA í golfi: Bein útsending
Sunnudagur 18. ágúst kl. 14:45
Enski boltinn: Arsenal – Birmingham
Sunnudagur 18. ágúst kl. 18:30
Meistaramót US PGA í golfi. Sýnt beint frá lokadegi
Mánudagur 19. ágúst kl. 19:00
Íslenski boltinn: Fylkir – ÍBV

Stöð 2

Laugardagur 17. ágúst kl. 13:45
Enski boltinn: Leikur óákveðinn

Á Eyrinni
Veitingastaður Kaffihús

BMX á Vagninum Flateyri
og Á Eyrinni um helgina

Sjá nánar í götuauglýsingum

PGA Meistaramótið er haldið og munu allir fremstu kylfingar heims mæta til leiks og leika listir sínar.
23.00 Drop Dead Gorgeous. *(Fegurðarsamkeppnin)* Í ónefndum bæ í Minnesota stendur fegurðarsamkeppni fyrir dyrum. Sjónvarpið ætlar að gera henni skil og það er spenna í loftinu. Allar stúlkur dreymir um að vera í sporum fegurðardrottningar og þátttakendurnir í Minnesota eru þar engin undantekning. Mæðurnar eru ekki síður spenntar og sumar þeirra eru tilbúnar að ganga ansi langt til að tryggja stuðning dómnefndar við réttan þátttakanda. *Aðalhlutverk: Kirsten Dunst, Ellen Barkin, Allison Janney, Denise Richards.*
00.35 The Stylist. Erótísk kvikmynd.
01.55 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 18. ágúst

14.45 Enski boltinn. Bein útsending frá leik ***Arsenal*** og ***Birmingham*** í ensku úrvalsdeildinni.
17.00 Golfmót í Bandaríkjunum
18.00 Golfstjarnan Sergei Garcia
18.30 Golf - US PGA Championships. Lokadagur PGA Meistaramótsins í golfi þar sem fremstu kylfingar heims munu leika listir sínar.
23.00 Íslensku mörkin
23.30 Roadside Prophets. *(Spámenn á vegum úti)* Afar sérstæð kvikmynd um byggingaverkamann í Los Angeles. Besti vinur hans lést í miðjum tölvuleik og nú ætlar maðurinn að fara með jarðneskar leifar hans á vélhljóli sínu til El Dorado í Nevada. Ferðalagið gengur ekki þrautalaust því á vegi hans verður undarlegt fólk. *Aðalhlutverk: John Doe, Adam Horovitz, David Carradine, John Cusack.*
01.00 Dagskrárlok og skjáleikur

SKJÁREINN

Föstudagur 16. ágúst

17:30 Muzik.is
18:30 Hjartsláttur í strætó (e)
19:30 Yes dear (e) Það er svo sannarlega ekki tekið út með sældinni að vera foreldri, hvað þá fullkomið foreldri. Nýir og sprenghlægilegir þættir um systurnar Kim og Christine sem hafa vægast sagt ólíkar hugmyndir um foreldrahlutverkið.
20:00 Charmed (e)
20:45 Grillpinnar. Grillpinnarnir og stuðboltarnir Róbert Ólafsson (Robbi) og Þórir Erlingsson (Dódó) ætla að kenna áhorfendum SKJÁSEINS hvernig best er að bera sig við grillið og bera fram ljúffenga kjúklinga-, lamba-, nauta- og svínakjötsrétti. Nú er bara málið að drífa sig út að grilla og hækka meðalhitann yfir landinu
21:15 Traders. Kanadísk þáttaröð um líf og störf verðbréfasala, ástir þeirra og örlög. Fylgst er með baráttu félaganna hjá Gardner-Ross í viðskiptaheiminum, fjandsamlegum yfirtökum, miklum gróða og stóru tapi
22:00 Living in Fear. Chuck Hausman yfirgaf fæðingarbæ sinn eftir dularfullt fráfall eiginkonu sinnar og hét þess að snúa aldrei aftur. Við dauða föður síns 20 árum sienna lætur hann undan þrábeiðni konu sinnar að snúa aftur en hvorugt þeirra gerir sér grein fyrir því út í hvað þau eru að fara
23:30 According to Jim (e) Bandarísk þáttaröð með Jim Belushi og Courtney Thorne-Smith í aðalhlutverkum. Jim leikur jarðbundinn vertaka og blúsara sem veit að lykillinn að góðu hjónabandi er að kinka kolli þegar konan segir eitthvað. Honum kemur líka vel saman við börnin því hann er ekki beint vaxinn upp úr barndómi sjálfur. Inn í líf þeirra spila síðan systkini Courtney sem eru hið besta fólk en vandræðagripir jafnvel þegar best lætur.
00:00 Law & Order SVU (e)
00:50 Jay Leno (e)
01:40 Muzik.is

Laugardagur 17. ágúst

16:30 Jay Leno (e)
17:30 Judging Amy (e)
18:30 Dateline (e) Dateline er margverðlaunaður, fréttaskýringaþáttur á dagskrá NBC sjónvarpsstöðvarinnar í Bandaríkjunum.
19:30 Sledgehammer (e)
20:00 Malcolm in the middle. Þessir frábæru gamanþættir hafa hlotið verðskuldaða athygli víða um heim. Þættirnir fjalla um hinn ofurgáfaða Malcolm , bræður hans og foreldra sem geta ekki beinlínis kallast mannvitsbrekkur. Drengurinn á við það vandamál að stríða að vera gáfaðastur ífjölskyldunni en það er svosannarlega enginn leikur..... Frumlegir og fjörlegir þættir um fjölskyldulíf í blíðu og stríðu... og allar stóru spurningarnar í tilverunni.
21:00 Klassíski klukkutíminn. Fylgist með, rifjið upp kynnin við gamla kunningja og nýja, og látið laugardagskvöldin koma ykkur á óvart.
22:00 Profiler. Réttarsálfræðingurinn Rachel er allra kvenna gleggst á hegðun glæpamanna og ásamt sérsveit FBI í Atlanta fær hún til rannsóknar erfiðustu glæpamálin. Baráttan fyrir betri heimi litar líf hennar allt og hún á í miklum innri átökum vegna fórnanna sem hún færir. Á hælum hennar er ósvífinn raðmorðingi, sem grípur öll tækifæri til að hrella hana.
22:50 First of May. Mörg börn dreymir um að hlaupast að heiman og ganga til liðs við sirkus og Cory lét verða af því. Hann ferðast vítt og breitt með sirkusnum en draumar hans um ástríka fjölskyldu eru langt frá því að rætast.
00:20 Jay Leno (e)
02:10 Muzik.is

Sunnudagur 18. ágúst

15:00 Jay Leno (e)
16:00 48 Hours. Vandaður , bandarískur fréttaskýringaþáttur með Dan Rather í fararbroddi. Í hverjum þætti er fjallað ítarlega um eitt mál á gagnrýninn hátt. Sérstök áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð enda hefur þátturinn hlotið fjölda verðlauna, m.a. 17 Emmy – verðlaun.
17:00 Brúðkaupsþátturinn Já (e)
18:00 Providence (e)
19:00 According to Jim (e) Bandarísk þáttaröð með Jim Belushi og Courtney Thorne-Smith í aðalhlutverkum. Jim leikur jarðbundinn vertaka og blúsara sem veit að lykillinn að góðu hjónabandi er að kinka kolli þegar konan segir eitthvað. Honum kemur líka vel saman við börnin því hann er ekki beint vaxinn upp úr barndómi sjálfur. Inn í líf þeirra spila síðan systkini Courtney sem eru hið besta fólk en vandræðagripir jafnvel þegar best lætur.
19:30 Grillpinnar (e). Grillpinnarnir og stuðboltarnir Róbert Ólafsson (Robbi) og Þórir Erlingsson (Dódó) bjóða í grillpartí á SKJÁEINUM í sumar. Þeir félagar eru grillmeistarar hjá TGI Friday's á Íslandi og auk starfa sinna þar munu þeir skella sér í sveitina og grilla ofan í vel þekkta, misþekkta og jafnvel lítið þekkta Íslendinga.
20:00 The King of Queens. Bandarísk gamanþáttaröð um Doug Hefferman, sendil í New York sem gerir ekki miklar kröfur til lífsins. Meðal þess sem honum þykir vænst um er 70 tommu sjónvarp sem eiginkonan gaf honum en nú er tengdapabbinn fluttur inn í sjónvarpsherbergið og það hefur í för með sér talsverðar breytinga á einfaldri tilveru Dougs.
21:00 Citizen Baines. Ellen þarf að vinna náið með einum viðskiptavina sinna en má ekki segja Arthur eiginmanni sínum hver ástæðan er. Hann grunar að hún sé að halda framhjá honum og fær hjartaáfall fyrir vikið.Reeva biður Elliott að hindra að fyrrverandi eiginmaður sinn fái háskólastarf. Dori íhugar að hætta að vinna sem ljósmyndari.
21:45 Dateline. Í næsta þætti af Dateline verður fjallað um ungt fólk sem ekki getur eignast börn á hefðbundinn máta og leitar því til ættleiðingastofnunar. Gestir Dateline í kvöld eiga það sameiginlegt að manneskjan sem þeir töldu að væri að hjálpa þeim er samviskulaus svikahrappur sem beitir öllum brögðum í gróðaskyni. Áhrifamikil umfjöllun um móður- og föðurást, blekkingar og svik...
22:30 Boston Public (e)
23:15 Traders (e). Í dramaþættinum Traders er fjallað um hóp fólks í sem vinnur við verðbréfamiðlun í banka. Það er stutt milli hláturs og gráturs í þessum heimi þar sem breytingar eru miklar og þær hafa ekki einugis áhrif á vinnu þessa fólks heldur tekur sinn toll í einkalífinu.
00:00 Deadline (e)
00:45 Muzik.is

Fasteignaviðskipti

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Símar: 456 3940 & 456 3244
Fax: 456 4547 – Netfang: tryggvi@snerpa.is
Heimasíða: www.bb.is/tg

Einbýlishús:
Lyngholt 10: 151,3 m^2 einbýlishús á einni hæð ásamt 55,2 m^2 bílskúr. **Verð 12,9 m.kr.**
Móholt 9: 194,3 m^2 einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Verð 12,9 m.kr.**
Smiðjugata 11a: 150 m^2 einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara, risi og bílgeymslu. **Húsið allt nýmálað að utan.** Skoðum öll tilboð. **Verð 6,1 m.kr.**
Urðarvegur 27: 190,5 m^2 einbýlishús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á minni eign mögaleg. **Verð 13,5 m.kr.**

4-6 herbergja íbúðir:
Sundstræti 30: 131,9 m^2 5 herbergja íbúð á 3ju hæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. **Tilboð óskast**

3ja herbergja íbúðir:
Silfurgata 11: 56,2 m^2 (75m^2 gólfflötur, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca.3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**
Stórholt 13: 79,2 m^2 íbúð á 3. hæð fyrir miðju ásamt sér geymslu. **Verð 4,5 m.kr.**

2ja herbergja íbúðir:
Aðalstræti 24: 74,6 m^2 íbúð 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangrað. **Tilboð óskast.**
Aðalstræti 24: 62 m^2 íbúð á 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangrað. **Tilboð óskast.**
Brunngata 12a: 57,4 m^2 íbúð í mjög góðu standi á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt sér geymslu og þvottahúsi í kjallara og eignarlóð. **Tilboð óskast.**
Engjavegur 33: 50,4 m^2 íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Tilboð óskast.**
Hlíðarvegur 27: 49,9 m^2 íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Áhv. ca. 555 þús.kr. **Tilboð óskast**
Hlíf II, Torfnesi: 50,4 m^2 íbúð á 3. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 3,7 m.kr. **Laus strax. Verð 6,3 m.kr.**
Seljalandsvegur 58: 52,1 m^2 íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. **Tilboð óskast.**
Túngata 3: 80,7 m^2 íbúð á 2. hæð ásamt risloft. **Verð 4,5 m.kr.**

Atvinnuhúsnæði:
Sindragata 9: veiðafærageymsla tvö bíl, harðsteypt gólf, heitt og kalt vatn og hiti. **Tilboð óskast.**
Sindragata 14: 534 m^2 stálgrindarhús á einni hæð. Húsið er nýtt, vel útbúið atvinnuhúsnæði á góðum stað. **Verð 25 m.kr.**

Suðureyri:
Aðalgata 2: 136 m^2 6 herbergja sér íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. **Verð 6,2 m.kr.**
Aðalgata 2: 124,2 m^2 neðri hæð í tvíbýlishúsi, fyrrverandi pósthús með öllum tilheyrandi innréttingum. **Verð 6 m.kr.**
Hjallavegur 16: 144,4 m^2 einbýlishús á tveimur hæðum, uppgert að hluta, neðri hæð óuppgerð. **Verð 3 m.kr.**

Bolungarvík:
Stigahlíð 4: 54 m^2 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. **Tilboð óskast.**

Verslunarhúsnæði:
Hrannargata 2: 164,1 m^2 verslunarhúsnæði á 1. hæð og með kjallara. Húsnæðið er tilvalið fyrir rekstur verslunar og/eða videoleiga. Verslunarinnréttingar geta fylgt með. **Verð 6,3 m.kr.**

www.bb.is/tg

ÍSAFJARÐARBÆR

LAUST STARF

Á leikskólanum Sólborg er jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi og okkur vantar starfsmann í 50% stöðu. Vinnutími frá kl. 13:00-17:00.
Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun æskileg, en ef þú hefur áhuga á að vinna með okkur, hafðu þá samband við leikskólastjóra, Ingigerði Stefánsdóttur.

STARFSFÓLK ÓSKAST

Starfsfólk óskast í eftirtalin störf: Skólaliði, 100% starf til eins árs við þrif, gæslu o.fl. Matráður nemenda, 100% starf og hlutastörf eftir hádegi í lengdri viðveru yngri nemenda. Dægradvöl.
Upplýsingar um störf skólaliða og matráðs veita skólastjórnendur og deildarstjóri veitir upplýsingar um störf í Dægradvöl í síma 456 3044.

Skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði.

Þakkir

Innilegar þakkir til þeirra sem veittu okkur hjálp og peningaaðstoð í sambandi við þak er fauk af íbúðarhúsi okkar á Þingeyri,10. nóvember 2001.

Guðrún og Skarphéðinn Njálsson.

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Starfsmenn vantar í ræstingar. Um er að ræða 47% starf. Upplýsingar veitir ræstingastjóri í síma 450 4500.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

kirkja

Flateyrarkirkja: Kvöldguðsþjónusta með frjálslegu sniði og léttum söng verður sunnudaginn 18. ágúst kl. 20:30. Allir velkomnir.

afmæli

Vilmundur Reimarsson, útgerðarmaður, Hreggnasa, verður ***75 ára*** 15. ágúst. Hann tekur á móti ættingjum og vinum í Finnabæ í Bolungarvík, laugardaginn 17. ágúst frá kl. 20-23.

netið

Hver eru uppáhalds bókamerkin þín á Netinu? **Eiríkur Örn Norðdahl, skáld á Ísafirði svarar:**

,,Fyrst og fremst er það heimasíðan Nýhil, ***www.hi.is/~haukurhe,*** þar sem les ég greinar eftir sjálfan mig og Hauk Má Helgason félaga minn. Svo fer ég oft inn á ***kistan.is***, sem er lista-, menningar og fræðivefur sem Reykjavíkurakademían stendur að. Svo er það að sjálfsögðu ***murinn.is***, en þar skrifa mínir skoðanabræður pistla um pólitík. Svo les ég oft ***bb.is***, svona til að athuga hvort það sé ekki örugglega verið að fjalla um mig. Ég held líka mikið upp á vefinn Deusxcinema á slóðinni ***www.dxc.hi.is***. Þarna eru guðfræðingar að skrifa um kvikmyndir, en ég hef komist að því að þeir eru miklu betri en bókmenntafræðingar í kvikmyndaumfjöllun..“

Eru orðin(n) áskrifandi?

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

Bolungarvík

Sautján ára sektaður fyrir hraðakstur

Lögreglan í Bolungarvík stöðvaði á föstudagskvöld, bifreið sem mældist á 131 kílómetra hraða á klst. á Sandsvegi, rétt utan við Bolungarvík, þar sem leyfilegur hámarkshraði er 80 km/klst.

Við stýrið reyndist sitja 17 ára unglingspiltur með tæplega mánaðargamalt ökuleyfi, sem hann má teljast heppinn að hafa haldið þar eð ökuhraði hans var aðeins 6 km/klst. undir sviptingarmörkum. Drengurinn hlaut 40.000 króna sekt og tiltal frá lögreglumönnum, en var sleppt að því loknu.

Lögreglan í Bolungarvík sektaði fjóra ökumenn til viðbótar fyrir hraðakstur þetta föstudagskvöld, en enginn þeirra reyndist aka jafn geyst og áðurnefndur unglingur.

Hornstrandir

Hald lagt á ólöglegt net

Á fimmtudag í síðustu viku fór lögreglan á Ísafirði með TF-Sif, þyrlu Landhelgisgæslunnar í eftirlitsflug um Hornstrandir.

Tilgangur ferðarinnar var m.a. að athuga hvort netalagnir væru skv. gildandi lögum og reglugerðum, hvort akstur vélknúinna ökutækja ætti sér stað án leyfis og eins almenn umgengni í friðlandinu. Í ferðinni lagði lögreglan hald á eitt ólöglegt net, sem bæði hafði ólöglega möskvastærð, var ómerkt og ekki landfast. Þá var fastur fugl í netinu sem losaður var úr prísundinni.

Í frétt frá lögreglunni segir m.a.: „Gerðar voru athugasemdir við vélknúin ökutæki, en rétt er að benda á að akstur vélknúinna ökutækja er óheimill í friðlandinu. Náttúruvernd ríkisins getur þó veitt leyfi fyrir því að sumardvalargestir í friðlandinu noti t.d. fjórhjól og dráttarvélar við sérstakar aðstæður, s.s. ef langt er að fara með vistir og fl. Þessi ökutæki þurfa að sjálfsögðu að vera skráð og tryggð.“

Lögreglan hyggst fara í nokkrar eftirlitsferðir um friðlandið til viðbótar.

Systkinin Sigurður og Þórunn Bjarnabörn frá Vigur í sól og sumaryl á Þingvöllum fimmtudaginn 1. ágúst.

Einn eftir af þingmönnum frá lýðveldisstofnun 1944

Aðeins einn maður er nú eftirlifandi af þeim sem sátu fund Alþingis á Lögbergi á Þingvöllum 17. júní 1944, þar sem lýðveldi var lögtekið á Íslandi. Þessi maður er Sigurður Bjarnason frá Vigur, þáverandi þingmaður Norður-Ísfirðinga og síðar ritstjóri Morgunblaðsins. Hann er fæddur árið 1915 og því orðinn meira en hálfníræður en skundar þó enn á Þingvöll.

Rigningin á Þingvöllum daginn þegar íslenska lýðveldið var stofnað er í annála færð. Veðrið þar var með öðrum hætti núna í byrjun ágúst þegar Sigurður frá Vigur kom þangað í heimsókn, liðlega 58 árum eftir hinn sögufræga fund Alþingis. Fjallahringurinn og vatnið voru böðuð sólskini og tindruðu í sumarhitanum þegar Sigurður og Þórunn systir hans nutu útsýnisins „hátt á eldhrauni upp, þar sem ennþá Öxará rennur ofan í Almannagjá“. Sigurður var mjög glaður að koma á Þingvöll að þessu sinni eins og jafnan áður, en þess má geta að hann átti sæti í Þing-vallanefnd í mörg ár. Hann var þingmaður Norður-Ísfirðinga og síðan Vestfirðinga í nálega aldarfjórðung, bæjarfulltrúi og forseti bæjarstjórnar á Ísafirði um skeið og gegndi óteljandi trúnaðarstörfum öðrum. Síðasta hlutann af starfsferlinum var hann sendiherra í Danmörku og Englandi.

Einkaleyfisstofan úrskurðar Póls hf. í dag vegna flæðissamval

„Úrskurðurinn eyðir óvissu“

– segir Hörður Ingólfsson, stjórnarformaður fyrirtækisins

Einkaleyfi ísfirska vogaframleiðandans Póls hf. á svokölluðu flæðisamvali skal standa óhaggað. Svo úrskurðaði Einkaleyfisstofan fyrir um mánuði síðan, en Marel hf., aðal keppinautur Póls, hafði áður sett fram andmæli gegn einkaleyfinu þar sem nýnæmi og frumleiki var dreginn í efa.

„Úrskurðurinn eyðir óvissu sem ríkti um framtíð einkaleyfisins“, segir Hörður Ingólfsson, stjórnarformaður Póls. „Keppinauturinn var byrjaður að kynna vél sem byggði á svipaðri tækni, en eftir þennan úrskurð getum við varið markaðsstöðu okkar.“

Póls hf. á Ísafirði.

Flæðisamvalið mun vera orðið stærsta söluvara Póls hf. „Mikill vöxtur hefur verið í sölu á þessari vöru að undanförnu. Við höfum selt vélina til Bandaríkjanna, Írlands, Skotlands, Frakklands, Hollands og síðast en ekki síst, til Noregs“, segir Hörður.

Flæðisamval tekur hráefni sleitulaust af færibandi og viktar það í skammta á mun meiri hraða en hefðbundnar skammtavogir, auk þess sem það er alsjálvirkt og dregur þess vegna úr launakostnaði fyrirtækja. Tækið er mest notað í vinnslu á uppsjávarfiski, svo sem makríl, síld og loðnu, þar sem krafist er mikilla afkasta. Þess má geta að engin verksmiðja á Íslandi hefur enn tekið tækið til notkunnar.

bb.is
– öflugur frétta- og upplýsingamiðill!